

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Samantekt úrskurða

2006

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, þriðjudaginn 20. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2006:**

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 13. janúar 2006 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 9. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. janúar 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 27. febrúar 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 28. febrúar 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 14. mars 2006. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 15. maí 2006, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Upplýsingar og gögn bárust frá varnaraðila með bréfi hans, dagsettu 29. sama mánaðar. Gögnin voru send lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar dagsettu 7. júní 2006 og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Þær bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 14. júní 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. mars, 5. og 24. maí og 7., 14. og 20. júní 2006.

II.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi allt frá því í september 1998 keypt og selt verðbréf fyrir milligöngu varnaraðila. Á árunum 2000 og 2001 mun sóknaraðili fyrir milligöngu varnaraðila hafa keypt og síðar selt með nokkru tapi hlutabréf í erlendum fyrirtækjum, einkum sænskum. Ágreiningur reis með aðilum um hvort sóknaraðili hafi haft vitneskju um kaup og sölu bréfa, svo og um önnur atriði tengd viðskiptunum. Sóknaraðili skaut ágreiningi aðila til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 21. febrúar 2002, sbr. mál nr. 2/2002. Kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá úrskurðarnefndinni með úrskurði, dagsettum 13. júní 2002.

Sóknaraðili hefur nú skotið málinu öðru sinni til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 31. janúar 2006. Lýtur kvörtunin nú að viðskiptum er áttu sér stað í

nafni sóknaraðila þann 16. nóvember 2000. Voru þá keypt í hans nafni í fyrsta lagi hlutir í B að nafnvirði 3.200 sænskar krónur á genginu 26,8 fyrir samtals 85.760 sænskar krónur. Þóknun varnaraðila við kaupun nam 858 sænskum krónum. Var því gefin út kvittun til sóknaraðila fyrir 86.618 sænskum krónum eða sem svaraði til kr. 753.577. Í öðru lagi voru keyptar í nafni sóknaraðila hlutir að nafnvirði 1.000 sænskar krónur í C á genginu 79.5. Að meðtalinni þóknun varnaraðila nam kaupverðið kr. 80.295 eða sem svarar kr. 698.567 miðað við þáverandi gengi. Í þriðja lagi voru keyptir í nafni sóknaraðila hlutir í D að nafnvirði 1.300 sænskar krónur á genginu 68,5 fyrir samtals 89.941 sænskar krónur að meðtalinni þóknun varnaraðila eða sem svarar kr. 89.941. Samtals nam kaupverð ofangreindra hluta að meðtalinni þóknun varnaraðila kr. 2.234.631.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér kr. 2.234.631 ásamt dráttarvöxtum frá 16. nóvember 2000.

Sóknaraðili kveður ofangreind viðskipti sér með öllu óviðkomandi enda hafi þau hvorki verið gerð að hans beiðni né samþykkt af honum eftir á. Þurfi viðskiptareikningur sóknaraðila hjá varnaraðila því að leiðrétast til samræmis við þetta og varnaraðili að skila umræddu vörslufé ásamt vöxtum.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila aldrei hafa verið í fjárvörslu hjá félaginu. Hann hafi verið almennur viðskiptavinur varnaraðila frá því í september 1998 og hafi varnaraðili haft milligöngu um kaup og sölu sóknaraðila á erlendum hlutabréfum. Varnaraðili kveður starfsmenn sína aldrei taka ákvarðanir um kaup eða sölu hlutabréfa almennra viðskiptavina sinna heldur séu þær ákvarðanir teknar af viðskiptavininum sjálfum. Sé nýjum viðskiptavinum í upphafi gerð grein fyrir því að fjárfesting í einstökum hlutabréfum sé í eðli sínu áhættufjárfesting, að gengi hlutabréfa geti ýmist hækkað eða lækkað og að miklar sveiflur geti verið á erlendum mörkuðum. Þá fái viðskiptavinir sendar kvittanir um kaup eða sölu verðbréfa.

Varnaraðili hafnar því alfarið að sóknaraðili hafi ekki beðið um kaup á umræddum bréfum eins og í öðrum viðskiptum sem varnaraðili hafi haft milligöngu um. Þá hafi hann greitt fyrir hina keyptu hluti athugasemdalaust. Varnaraðili bendir á að hinn 30. október 2000 hafi sóknaraðili lagt inn á bankareikning varnaraðila kr. 3.329.000. Hafi hann keypt hlutabréf fyrir samtals kr. 2.234.631 hinn 16. nóvember 2000 og kr. 926.877 hinn 29. nóvember 2000 eða alls kr. 3.161.508. Megi því augljóst vera að sóknaraðili hafi lagt umrædda fjármuni inn hjá varnaraðila til umræddra fjárfestinga, enda verði að telja líklegt að kaup bréfa síðarnefnda daginn hefðu ekki verið svo nærri eftirstöðvum af innlögðum fjármunum 30. október 2000 hefði sóknaraðili ekki verið búinn að ákveða fyrri fjárfestingar.

Varnaraðili segir að sóknaraðili hafi í janúar 2001 leitað eftir því við varnaraðila hvort félagið væri tilbúið til að létta á því tapi sem sóknaraðili hafði orðið fyrir. Hafi honum þá verið ráðlagt að setja fjármuni sína í blandaðan hlutabréfasjóð sem stýrt væri af fagmönnum. Hafi aldrei komið til greina að varnaraðili keypti umrædd bréf á kaupgengi.

Hafi sóknaraðili þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar ekki viljað selja hin erlendu hlutabréf sín fyrir en í september 2001 að hann seldi meginþorra þeirra. Hafi hann þá notað féð til nýrra fjárfestinga fyrir milligöngu varnaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa frá september 1998 og fram í maí 2002 átt 28 sinnum í viðskiptum við varnaraðila og sé heildarfjöldi viðskipta 39. Viðskiptin hafi verið með þeim hætti að sóknaraðili hafi haft samband og falið varnaraðila að kaupa eða selja ákveðin hlutabréf. Fyrir það hafi hann greitt þóknun í hlutfalli af verðmæti viðskiptanna. Hafi sóknaraðili fylgst reglulega með viðskiptum sínum og ávallt vitað hver staða hans í geymslusafni hafi verið. Hafi enginn ágreiningur verið milli aðila meðan sóknaraðili hagnaðist á viðskiptunum. Hann hafi fengið kvittanir sendar í pósti og upplýsingar símleiðis. Hafi hann heldur aldrei gert neinar athugasemdir og ávallt greitt kaupverð og tekið við söluandvirði án athugasemda.

V.

Niðurstaða.

Svo sem að framan greinir beinist kvörtun sóknaraðila að viðskiptum er áttu sér stað í nafni hans þann 16. nóvember 2000 en þann dag voru keyptir hlutir í þremur sænskum félögum fyrir samtals kr. 2.234.631 og er þóknun varnaraðila þá með talin. Kveður sóknaraðili umrædd viðskipti sér óviðkomandi enda hafi hvorki um þau beðið né samþykkt þau síðar. Þessu hafnar varnaraðili.

Fyrir liggur að sóknaraðili átti frá september 1998 og fram í maí 2002 28 sinnum í viðskiptum við varnaraðila og var heildarfjöldi viðskipta 39. Þau viðskipti sem kvartað er yfir áttu sér stað í nóvember 2000. Óumdeilt er að sóknaraðili var ekki í fjárvörslu hjá varnaraðila og hafði engan slíkan samning við hann. Var hlutverk varnaraðila því ekki annað en að hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti sóknaraðila eftir nánari óskum hans. Af gögnum málsins verður ráðið að beiðnir sóknaraðila um kaup og sölu verðbréfa hafi aðallega borist varnaraðila símleiðis en ennfremur í einhverjum tilvikum bréfleiðis. Bókhalddgögn og framlagðar kvittanir bera með sér að sóknaraðili hafi lagt fé inn á reikning varnaraðila til kaupanna og hafi jafnframt fengið sendar kvittanir fyrir þeim, auk yfirlita yfir verðbréfavíðskipti sín. Þrátt fyrir það verður ekki séð að sóknaraðili hafi haft uppi athugasemdir við milligöngu varnaraðila um hin tilteknu verðbréfavíðskipti 16. nóvember 2000 sérstaklega fyrir en með kvörtun í máli þessu 13. janúar 2006. Verður hvorki séð að sóknaraðili hafi áður en til kvörtunar kom haft uppi sérstaka kröfu á hendur varnaraðila vegna þessa né á annan hátt brugðist við úrskurði nefndarinnar í fyrra máli sínu frá 21. febrúar 2002 gegn varnaraðila. Hefur sóknaraðili með þessu sýnt af sér vítavert tómlæti sem hann verður sjálfur að bera ábyrgð á.

Samkvæmt öllu framansögðu verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 20. júní 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Íris Ösp Ingjalbsdóttir

Grétar Grétarsson

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, föstudaginn 2. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Jón Magnússon og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 20. janúar 2006 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. janúar 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. febrúar 2006. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. febrúar 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust 21. febrúar 2006 með ódagsettu bréfi sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. mars, 5. maí, 24. maí og 2. júní 2006.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili gekkst, ásamt A, í sjálfskuldarábyrgð á skuld samkvæmt skuldabréfi nr. xxxxxxxxx, dagsettu 8. mars 2004, útgefnu af B, til varnaraðila. Hinn 23. mars 2004 undirritaði sóknaraðili skjal þess efnis að niðurstaða greiðslumats benti til þess að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við núverandi fjárhagsstöðu, en að hann óskaði eftir því að gangast í ábyrgð á skuldinni. Þann 1. nóvember 2004 var gerð breyting á greiðsluskilmálum skuldabréfsins og samþykkti sóknaraðili breytinguna með undirritun sinni sem sjálfskuldarábyrgðaraðili.

Með bréfi C til varnaraðila, dagsettu 22. júní 2005, var komið á framfæri kröfu sóknaraðila um að hún yrði leyst undan ábyrgð á skuldabréfinu sökum þess að henni hefði ekki verið kynnt niðurstaða greiðslumats áður en hún gekkst í umrædda ábyrgð. Erindið var ítrekað með bréfi samtakanna, dagsettu 6. júlí 2005. Varnaraðili hafnaði erindinu með bréfi til C, dagsettu 11. júlí 2005, á þeim grundvelli að fyrrgreind skjöl hefðu bæði verið undirrituð 23. mars 2004.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. janúar 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að ábyrgð sín samkvæmt skuldabréfi, dagsettu 8. mars 2004, sé ógild.

Sóknaraðili kveðst hafa gengið í sjálfskuldarábyrgð 8. mars 2004 en ekki verið kynnt greiðslumat skuldara fyrir en 23. sama mánaðar. Hafi það gefið til kynna að skuldarinn myndi ekki geta efnt skuldbindingar sínar og að meira en helmingi lánsupphæðar yrði varið til greiðslu á skuldum lántaka hjá varnaraðila.

Sóknaraðili vísar til þess að samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga hafi varnaraðila borið að framkvæma greiðslumat og kynna ábyrgðaraðilum það áður en þeir skrifuðu undir ábyrgðaryfirlýsinguna. Greiðslumatið hafi hins vegar ekki verið gert fyrir en rúmum hálfum mánuði síðar. Kveðst sóknaraðili ekki munu hafa gengist í umrædda ábyrgð hefði sér verið kynnt umrætt greiðslumat áður en hann skrifaði undir sem ábyrgðarmaður á skuldabréfinu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili telur að ekkert það sé fram komið sem leiði til þess að leysa eigi sóknaraðila undan ábyrgðaryfirlýsingu sinni samkvæmt skuldabréfi, dagsettu 8. mars 2004.

Varnaraðili kveður að óskað hafi verið eftir nauðsynlegum gögnum frá hlutaðeigandi skuldara til að meta greiðslugetu hans. Hafi niðurstaða greiðslumats legið fyrir við frágang og útprentun skuldabréfsins hinn 8. mars 2004, en skuldabréfið sé dagsett þann dag sem það var prentað út, þ.e. 8. mars 2004. Hafi skuldabréfakerfi varnaraðila á þeim tíma dagsett skuldabréf sjálfkrafa sama dag og þau hafi verið prentuð út. Hins vegar hafi skuldabréfið og niðurstöðublað greiðslumats ekki verið undirrituð fyrir en 23. mars 2004 og hafi sóknaraðili þá undirritað bæði skjölin í viðurvist tveggja starfsmanna varnaraðila, er hafi vottað undirritunina. Hafi þetta verið gert í þeirri röð að fyrst hafi niðurstaða greiðslumats verið undirrituð og síðan skuldabréfið. Vísar varnaraðili í þeim efnum til skriflegra staðfestinga tveggja starfsmanna sinna. Varnaraðili kveður að starfsmönnum sínum hafi hins vegar láðst að breyta dagsetningu skuldabréfsins úr 8. mars 2004 í 23. mars 2004 þá er það hafi sannanlega verið undirritað. Skuldabréfið hafi síðan verið keypt af varnaraðila 24. mars 2004.

Varnaraðili telur rangt að sóknaraðili hafi verið orðinn ábyrgðarmaður að umræddri skuld þegar hún hafi skrifað undir framangreint niðurstöðublað greiðslumats. Sóknaraðili hafi og verið upplýstur við undirritun bréfsins að skuldari gæti ekki efnt fjárskuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu eins og fram komi á niðurstöðublaðinu.

Loks vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi hinn 1. nóvember 2004 staðfest breytingu á greiðsluskilmálum skuldabréfsins með undirritun sinni.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga skal fjármálafyrirtæki meta greiðslugetu greiðanda þegar ábyrgð á skuldum nemur hærri fjárhæð en kr. 1.000.000. Tryggt skal að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgð, sbr. 3. mgr. 4. gr.

Sóknaraðili gekkst í ábyrgð fyrir skuld að fjárhæð kr. 1.535.000 samkvæmt skuldabréfi nr. xxxxxx, dagsettu 8. mars 2004. Ágreiningslaust er að sóknaraðili skrifaði undir niðurstöðu greiðslumats 23. mars 2004 þar sem fram kom að lántakandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar miðað við þáverandi fjárhagsstöðu. Varnaraðili heldur því fram að þann dag hafi sóknaraðili ennfremur skrifað undir nefnt skuldabréf sem sjálfskuldarábyrgðaraðili, þ.e. eftir að hann hafi ritað undir niðurstöðu greiðslumatsins. Kveður varnaraðili að sér hafi láðst að breyta dagsetningu bréfsins. Þessu andmælir

sóknaraðili og kveðst hafa skrifað undir skuldabréfið nokkru áður en honum hafi verið kynnt niðurstaða greiðslumats.

Í málinu liggur fyrir kaupnóta skuldabréfs þar sem fram kemur að varnaraðili hafi keypt bréfið af skuldara þess 24. mars 2004. Er útgáfudagur bréfsins þar tilgreindur 8. mars 2004 og vextir sagðir reiknast frá þeim degi. Næsti gjalddagi er sagður 8. apríl 2004.

Varnaraðili er fjármálafyrirtæki og hefur sérþekkingu og atvinnu af bankaviðskiptum og fjármálaþjónustu. Skjöl þau sem um er deilt í málinu eru útbúin af varnaraðila. Hafi umrætt skuldabréf verið gefið út annan dag en tilgreint er í bréfinu sjálfu var varnaraðila í lófa lagið að breyta umræddri dagsetningu, annað hvort með því að prenta bréfið út að nýju eða með því að rita nýja dagsetningu í bréfið. Verður varnaraðili sjálfur að bera ábyrgð á starfsmönnum sínum og hugbúnaði að þessu leyti. Gegn andmælum sóknaraðila verður að telja ósannað að undir bréfið hafi verið skrifað annan dag en það ber með sér og vitundarvottar hafa með undirritun sinni á bréfið staðfest sem rétta. Verður að meta framlagðar yfirlýsingar starfsmanna varnaraðila með hliðsjón af þessu og stöðu þeirra hjá varnaraðila. Umrætt skuldabréf er viðskiptabréf, og voru því aðalskuldari og ábyrgðarmaður orðnir ábyrgir fyrir greiðslu um leið og bréfið var gefið út, hvað sem leið "kaupum" varnaraðila á skuldabréfinu

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að ógilda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila samkvæmt fyrrgreindu skuldabréfi. Undirritun sóknaraðila á breytingu á greiðsluskilmálum 1. nóvember 2004 þykir, eins og á stendur, ekki getað leitt til breytinga á þeirri niðurstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, samkvæmt skuldabréfi nr. xxxxxx, dagsettu 8. mars 2004, að fjárhæð kr. 1.535.000, er ógilt.

Reykjavík, 2. júní 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Jón Magnússon

Sölvi Sölvason

Sérálit

Grétars Grétarssonar

Að mínu mati er umdeilt hvort sóknaraðili ritaði undir yfirlýsingu um sjálfskuldarábyrgð sína áður, samtímis eða eftir að honum var kynnt niðurstaða um mat á greiðslugetu útgefanda skuldabréfsins. Hins vegar liggur fyrir að varnaraðili veitti ekki lánið, sem ábyrgðin tryggði, fyrr en eftir að sóknaraðili hafði bæði undirritað skuldabréfið sem ábyrgðaraðili og fengið vitneskju um niðurstöðu greiðslumatsins og undirritað það. Ekki verður séð af gögnum málsins að sóknaraðili hafi gert einhverjar athugasemdir við niðurstöðu greiðslumatsins eða afturkallað ábyrgð sína í ljósi meintra nýrra upplýsinga um fjárhagsstöðu útgefanda skuldabréfsins. Tilgreining á útgáfudegi skuldabréfsins er því að mínu mati augljóslega algjört formsatriði í málinu. Getur sú tilgreining ekki hnekkst gildri skuldbindingu þótt hún sé önnur en á niðurstöðu greiðslumatsins. Ábyrgð sóknaraðila varð ekki virk fyrr en lánið var veitt og skuldabréfið keypt af varnaraðila. Þá tel ég ennfremur að meta verði málsástæður sóknaraðila í því ljósi að eftir upphaflega útgáfu skuldabréfsins undirritaði sóknaraðili samþykki sitt fyrir skuldbreytingu hins upprunalega láns og ítrekaði þar með ábyrgð sína gagnvart varnaraðila.

Samkvæmt framansögðu tel ég að hafna eigi öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Reykjavík, 2. júní 2006.

Grétar Grétarsson

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, miðvikudaginn 22. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 31. janúar 2006 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. febrúar 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi A, dagsettu 13. febrúar 2006. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. febrúar 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með ódagsettu bréfi sóknaraðila, mótteknu 15. mars 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. og 22. mars 2006.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili var í lánsviðskiptum við varnaraðila og mun hafa lent í vanskilum með greiðslur af tilteknu skuldabréfi. Tók varnaraðili þá ákvörðun að setja skuldabréf þetta í innheimtu hjá lögmanni sjóðsins, auk þess sem aðrar skuldir sóknaraðila voru sömuleiðis gjaldfelldar og sendar lögmanninum til innheimtu. Sóknaraðila var síðar boðið að fá nýtt skuldabréfalán til sjö ára til að greiða upp aðrar skuldir. Hann taldi sér það ofviða og varð niðurstaðan síðar sú að sóknaraðili greiddi upp skuldirnar með nýju skuldabréfi til 15 ára. Það skuldabréf hefur sóknaraðili nú greitt upp og er hættur viðskiptum við varnaraðila.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 31. janúar 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðili endurgreiði sér þann kostnað sem hann „þurfti að greiða lögmonnum með almennum bankavöxtum aftur til dagsins sem að [sóknaraðili] greiddi þann kostnað“. Til vara krefst sóknaraðili endurgreiðslu lögmannskostnaðar án vaxta.

Sóknaraðili telur að brotið hafi verið á sér þegar öll lán hans hjá varnaraðila voru gjaldfelld og sett í innheimtu þrátt fyrir að þau hafi ekki verið í vanskilum, að einu skuldabréfi frátöldu. Kveðst sóknaraðili engar aðvaranir hafa fengið áður en til lögfræðiinnheimtu kom, nema hvað varðar téð skuldabréf. Hann hafi hins vegar þurft að greiða lögfræðikostnað við innheimtu allra skuldanna.

IV.**Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess aðallega að öllum kröfum sóknaraðila verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að þeim verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki þar sem sé að finna það skilyrði fyrir meðferð máls hjá nefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið innan fjögurra vikna. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki haft uppi fjárkröfu á hendur varnaraðila. Þá vísar varnaraðili til b- og e-liða 6. gr. samþykktanna þar sem segi að nefndin fjalli ekki um kröfur sem ekki verði metnar til fjár og ekki um mál sem séu svo illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau séu ekki tæk til úrskurðar. Telur varnaraðili kröfugerð og máltilbúnað sóknaraðila engan veginn fullnægja ofangreindum ákvæðum. Þannig sé ekki höfð uppi fjárkrafa á hendur varnaraðila, auk þess sem máltilbúnaður sóknaraðila sé óljós og ruglingslegur.

Áhrærandi varakröfu sína telur varnaraðili sig í einu og öllu hafa hagað sér í samræmi við lög og verði því að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

V.**Niðurstaða.**

Í kvörtun sóknaraðila er óskað eftir því að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki taki fyrir kostnað sem sóknaraðili hafi þurft að bera vegna lögfræðinnheimtu. Í ódagsettu bréfi, mótteknu 15. mars 2006, gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu þess kostnaðar sem hún hafi þurft að greiða lögmanni varnaraðila. Engar fjárhæðir eru þó nefndar í því sambandi.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Sóknaraðili hefur ekki beint fjárkröfum að varnaraðila vegna ofangreinds lögmannskostnaðar. Verður því þegar af þessari ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 22. mars 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, miðvikudaginn 7. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 1. mars 2006 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 28. febrúar 2006. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. mars 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 30. mars 2006. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. apríl 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi A, fyrir hönd sóknaraðila, dagsettu 18. apríl 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 5. maí, 24. maí og 7. júní 2006.

II.

Málsatvik.

Hinn 30. maí 2003 gaf B, út handhafaskuldabréf að fjárhæð kr. 1.000.000, sem tryggt var með 4. veðrétti í eignarhluta XXXXX, sem var í eigu C. Sóknaraðili framseldi varnaraðila umrætt skuldabréf og tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess með áritun á bréfið.

Nefnd skuld skyldi endurgreiðast með 18 afborgunum á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 20. júní 2003. Vanskil urðu þegar á fyrsta gjalddaga og var bréfið sent í lögfræðiinnheimtu 19. nóvember 2003.

Nauðungarsala á ofangreindri fasteign fór fram á uppboði 23. júní 2004 og varð ónefnt fjármálafyrirtæki hæstbjóðandi með boð að fjárhæð kr. 6.000.000. Fjárhæð lýstra krafna var kr. 10.284.009. Að frádregnum kr. 60.000 í sölulaun til ríkissjóðs voru kr. 5.940.000 til úthlutunar. Samkvæmt úthlutunargerð, dagsettri 7. september 2004 greiddust kröfur á 1. og 2. veðrétti að fullu en kr. 1.949.662 upp í kröfu veðhafa á 3. veðrétti. Ekkert fékkst upp í kröfu varnaraðila á 4. veðrétti.

Varnaraðili hélt áfram innheimtuaðgerðum og beindi þeim nú að sóknaraðila sem ábyrgðarmanni skuldarinnar. Krafðist varnaraðili þess með aðfararbeiðni, dagsettri 31. maí 2005, að gert yrði fjárnám hjá sóknaraðila til tryggingar skuldinni. Var fjárnám gert í fasteign sóknaraðila að XXXXX þann 25. ágúst 2005.

Sóknaraðili óskaði með bréfi, dagsettu 26. september 2005, eftir upplýsingum um það hvers vegna varnaraðili hefði ekki varið veðrétt sinn í eigninni. Þá óskaði hann enn fremur eftir því að fjárnám í fasteign sinni yrði dregið til baka og skuldin felld niður.

Með bréfi varnaraðila, dagsettu 20. október 2005, var beiðni sóknaraðila hafnað. Kvað varnaraðili ekki hafa verið grundvöll fyrir því að hann keypti eignina á umræddu uppboði miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Varnaraðili bað um nauðungarsölu á fasteign sóknaraðila 14. nóvember 2005. Sóknaraðili ítrekaði erindi sitt til varnaraðila með bréfi, dagsettu 8. desember 2005. Bréfinu mun ekki hafa verið svarað.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 28. febrúar 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili felli niður skuld samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 30. maí 2003, upphaflega að fjárhæð kr. 1.000.000, auk vaxta og kostnaðar af innheimtu kröfunnar, og að fjárnámi í fasteign sóknaraðila að XXXXX verði aflétt og beiðni um nauðungarsölu afturkölluð.

Sóknaraðili telur sig hafa orðið fyrir tjóni þar sem varnaraðili hafi ekki gætt hagsmuna sinna og viðskiptamanns síns við uppboðið. Kveður sóknaraðili um 10,2 m.kr. hafa verið áhvílandi á fyrrgreindri fasteign að XXXXX þegar uppboðið fór fram. Varnaraðili hafi hins vegar á þeim tíma metið eignina á 12 m.kr. og verði að líta á það sem það verð sem varnaraðili hafi að lágmarki verið tilbúinn til að bjóða til að gæta hagsmuna sinna. Skuldastaða veðskuldabréfsins hafi hins vegar verið um 13 m.kr. með vöxtum og kostnaði.

Sóknaraðili telur að andvirði veðandlagsins hefði dugað fyrir skuldinni á 4. veðrétti. Telur hann það vart geta talist góða viðskiptahætti að láta sig bera ábyrgð og kostnað af mistökum varnaraðila. Sóknaraðili kveður varnaraðila hafa gefið sér ákveðnar forsendur fyrir uppboðið sem ekki hafi staðist, þ.e. að lögveðskröfur að fjárhæð kr. 1,5 m.kr. hefðu hvílt á umræddri fasteign. Hið rétta sé að lögveðskröfunnar hafi hvílt á eignarhluta 0204 sem hafi verið til uppboðsmeðferðar á sama tíma og fengist greiddar af söluandvirði þess hluta.

Sóknaraðili kveður ennfremur að varnaraðili hafi enga tilraun gert til að hafa samband við sig eða tilkynna honum á annan hátt um að umrædd skuld yrði ekki greidd af söluandvirði eignarhluta XXXX þar sem varnaraðili hefði ákveðið að bjóða ekki í eignina. Kveðst sóknaraðili hafa verið í góðri trú um að varnaraðili myndi gæta eigin hagsmuna og hagsmuna sóknaraðila, t.d. með því að bjóða sjálfur í veðandlagið.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðila hafi frá upphafi verið kunnugt um vanskil bréfsins. Hafi hann sem ábyrgðarmaður fengið hefðbundnar tilkynningar þar um, auk þess sem hringt hafi verið í hann símleiðis. Þá hafi hann fengið innheimtubréf þegar skuldin var komin í lögfræðinnheimtu og honum síðan birt greiðsluáskorun áður en uppboðsmeðferð hinnar veðsettu eignar hófst. Þrátt fyrir þessa vitneskju um viðvarandi vanskil skuldara hafi sóknaraðili engan reka gert að því að leysa til sín bréfið eða semja um greiðslu þess.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt almennum reglum kröfuréttar hvíli engin skylda á honum til að tilkynna ábyrgðarmanni sérstaklega um vanskil á greiðslu aðalkröfu. Hafi varnaraðila ekki verið skylt að tilkynna sóknaraðila um nauðungarsöluna, enda hafi hann ekki skuldbundið sig sérstaklega til þess. Hafi nauðungarsalan verið auglýst opinberlega og sóknaraðili því auðveldlega getað fylgst með afdrifum kröfunnar við söluna ef hann hefði kosið svo.

Varnaraðili telur framgöngu sína við nauðungarsöluna hafa verið fullkomlega eðlilega og þá ákvörðun að verja ekki kröfuna eðlilega miðað við aðstæður á þeim tíma er

salan fór fram. Verði því ekki litið svo á að meðferð bankans við innheimtu umrædds skuldabréfs hafi verið til þess fallin að valda sóknaraðila tjóni á nokkurn hátt.

Varnaraðili kveður ekki hafa legið skýrt fyrir hvernig lögveðum yrði skipt niður á eignarhluta XXXX og XXXX þegar uppboðið fór fram. Hafi báðir eignarhlutarnir verið skráðir á sama fastanúmeri hjá Fasteignamati ríkisins og hafi varnaraðili því talið að fasteignagjöld vegna beggja eignarhlutanna væru áhvílandi á þeim báðum.

Varnaraðili segir að markaðsverð fasteignarinnar hafi á þeim tíma verið um 12 m.kr. og hafi í þeim efnum verið stuðst við mat löggilts fasteignasala. Í ljós hafi komið við nauðungarsöluna að ástand eignarinnar var ekki gott og því ólíklegt að herra verð fengist fyrir eignina. Þá hafi og komið fram að eignin hefði verið til sölumeðferðar um nokkurn tíma án árangurs. Hafi því verið ljóst að ekki væri um auðseljanlega eign að ræða.

Varnaraðili telur að við mat á því hvort verja beri kröfu á uppboði verði að horfa til ýmissa þátta, s.s. greiðsluskilmála kaupverðs, kostnað af eigninni þar til hún selst á almennum markaði og kostnaðar vegna rýmingar. Ellegar sé hætt við að tap varnaraðila af vanskilum kröfunnar gæti orðið meira en sem nemi fjárhæð kröfunnar við uppboð. Varnaraðili bendir á að samkvæmt kröfulýsingu hafi krafa sín á uppboðsdegi numið kr. 1.331.386 og hafi hún ekki að fullu verið varin fyrr en við kr. 11.615.485 og sé þá ekki tekið tillit til umdeilda lögveðskrafna. Er þá heldur ekki horft til sölulauna né annars kostnaðar við kaup á eigninni.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur að þeirri ákvörðun varnaraðila að verja ekki við nauðungarsölu 23. júní 2004 á fasteigninni XXXXX, kröfu samkvæmt handhafaskuldabréfi, útgefnu 30. maí 2003, sem hvíldi á 4. veðrétti fasteignarinnar, en sóknaraðili hafði framselt varnaraðila bréfið og ábyrgst greiðslu þess. Krafan nam við framhald uppboðs kr. 1.331.386.

Fyrir liggur að umrætt bréf hafði verið í vanskilum allt frá fyrsta gjalddaga þess 20. júní 2003. Er ágreiningslaust að sóknaraðila var kunnugt um vanskilin og hafði m.a. fengið sendar vanskilatilkynningar og verið birt greiðsluáskorun þess efnis. Sóknaraðili varð ekki við greiðsluáskorun og gerði engar tilraunir til að greiða upp eða inn á skuldina eða leysa hana til sín.

Þá lét sóknaraðili og vera að fylgjast frekar með uppboðsmeðferð þeirrar fasteignar sem skuldin var tryggð með veði í, en um hana var sóknaraðila eða mátti vera kunnugt. Á varnaraðila hvíldi ekki sú skylda að tilkynna sóknaraðila um uppboð eða framhald þess, en ekki liggur annað fyrir en hvorutveggja hafi verið auglýst lögum samkvæmt.

Ekki eru efni til að gera athugasemdir við þá ákvörðun varnaraðila eftir skoðun fasteignarinnar að verja ekki kröfu sína við framhald uppboðs á eigninni sjálfri. Fyrir liggur að varnaraðili hefði a.m.k. þurft að bjóða rúmar 10,4 m.kr. til að fá eitthvað upp í kröfu sína að frádregnum sölulaunum. Miðað við stöðu kröfunnar á uppboðsdegi hefði hún ekki verið að fullu varin fyrr en við 11,7-11,8 m.kr. að teknu tilliti til sölulauna, en án tillits til þess kostnaðar sem kaupandi kynni síðar að verða fyrir. Eignin var þá metin á 12 m.kr.

Með vísan til framanritaðs verður að hafna kröfu sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 7. júní 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2007, miðvikudaginn 4. apríl, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Auður Inga Ingvarsdóttir, formaður, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar og fjármálafyrirtæki F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefndinni 6. mars 2006 með kvörtun A, dags. 24. febrúar s.á. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. mars 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 30. mars 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. apríl 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 21. apríl 2006.

Formaður nefndarinnar vék frá vegna vanhæfis og varaformaður hafði beðist lausnar en nokkuð dróst hjá Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu að skipa nýjan varaformann. Því miður hefur dregist að kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 22. 12. 2006, 23. 2., 29. 3. og 4.4. 2007.

II.

Málsatvik.

Með lánssamningi þ. 29.9.2005 tók sóknaraðili lán hjá varnaraðila til 20 ára að upphæð kr. 80.000.000.- Í gr. 3.5 í lánssamningnum segir að lánið skuli bundið við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í september 2005, 243,2 stig.

Með bréfi dags. 2. 11. 2005 sendi sóknaraðili varnaraðila athugasemdir við gr. 3.5 í lánssamningnum þar sem hann lýsir því að hann hafi undirritað samninginn í trausti þess að í samningi væri ekki tilgreind önnur vísitala en sú vísitala sem tilgreind var sem grunnvísitala, þ.e. væri vísitala septembermánaðar. Sóknaraðili segir ennfremur að í ljós hafi komið að grunnvísitala 243,2 stig sé vísitala ágústmánaðar og hafi verið gefin út þ. 11.8.2005 og vísar í því sambandi til tilkynningar Kauphallar Íslands og að vísitala septembermánaðar sé skv. tilkynningu Kauphallar Íslands dags. 12.9.2005, 246,9 stig. Í lok athugasemdanna er þess krafist að grunnvísitölu lánssamningsins verði breytt á þann hátt að hún verði 246,9 stig í stað 243,2 stig.

Þann 15. nóvember 2005 sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila bréf þar sem hann ítrekar kröfu sóknaraðila. Með bréfi dags. 23. 11. 2005 hafnaði varnaraðili kröfu sóknaraðila.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndar með bréfi dags. 24. febrúar 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Samkvæmt sóknaraðila snýst ágreiningur í máli þessu um það hvaða vísitölu beri að leggja til grundvallar í lánasamningi milli málsaðila. Sóknaraðili heldur því fram að miða eigi við vísitöluna 246,9 stig en ekki 243,2 stig, þ.e. vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í september 2005, eins og fram komi í grein 3.5 í lánasamningnum.

Sóknaraðili krefst þess að grunnvísitölu lánessamnings milli málsaðila verði breytt og miðað verði við vísitöluna 246,9 stig en ekki 243,2 stig eins og varnaraðili geri. Þess er jafnframt krafist að sóknaraðila verði gert að greiða málsskotsgjald sóknaraðila vegna kvörtunar þessarar.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að sóknaraðili hafi treyst því orðalagi samningsins að grunnvísitala lánsins væri vísitala neysluverðs í september 2005.

Sóknaraðili byggir á því að ekki sé hægt að gera þær kröfur til viðskiptamanna bankastofnana að þeir geri sér grein fyrir því að vísitala sú sem notuð sé til verðtryggingar lánnum í tilteknum mánuði sé önnur en sú vísitala sem tilgreind er sem neysluvísitala sama mánaðar. Hins vegar verði að gera þær kröfur til fjármálafyrirtækja sem hafa sérfræðinga í vinnu að þeir tryggi að orðalag samninga sé svo skýrt að ekki sé tilefni til vafa. Þegar það farist fyrir beri að skýra vafa viðskiptamanni í hag.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili hafnar kröfu sóknaraðila um að breyta eigi grunnvísitölu skv. grein 3.5 í lánasamningi milli málsaðila og gerir þá kröfu að efni hans standi óhaggað. Einnig hafnar varnaraðili kröfu um að greiða málsskotsgjald vegna kvörtunar sóknaraðila.

Varnaraðili byggir á því að grundvöllur varnaraðila til að verðtryggja útlán sín byggji á VI. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Í 14. gr. laganna segi m.a. að vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildi um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár næsta mánuð á eftir. Í greinargerð með ákvæðinu segi m.a. *“Samkvæmt ákvæðinu gildir t.d. vísitala neysluverðs sem reiknuð er og birt í júlí vegna verðtryggingar í ágúst.”*

Varnaraðili byggir á því að þetta lagaákvæði veiti honum heimild til þess að hafa vísitöluna 243,2 stig í lánasamningi sínum við sóknaraðila.

Varnaraðili byggir auk þess á því að allir lánasamningar bankans séu byggðir á þessari lagareglu og sé framkvæmdin sú sama í öllum lánasamningum, þ.e. að vísitala samningsins er vísitala sem birt var í mánuðinum á undan. Allir bankar fari eftir þessari lagaheimild við verðtryggingu útlána sinna og framkvæmdin sé sú sama hjá þeim öllum.

Varnaraðili byggir ennfremur á því að Hagstofa Íslands birti vísitölur, þar komi fram að vísitala neysluverðs til verðtryggingar þ.e. sú vísitala sem notuð var í lánessamningi málsaðila er 243,2 stig í september og vísar í framlögð gögn.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sú vísitala sem sóknaraðili heldur fram að eigi að standa í samningnum 246,9 stig gildi í október og þar sem segi í samningnum að lánið sé bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í september 2005 sé ljóst að það sé ekki rétta vísitalan.

V.**Niðurstaða.**

Aðilar eru sammála um að ágreiningur í máli þessu snýst um það hvaða vísitölu beri að leggja til grundvallar í lánasamningi milli aðila. Ágreiningurinn snýst jafnframt um það hvort orðalag í gr. 3.5 í lánsamningi málsaðila hafi verið nægilega skýrt til þess að sóknaraðili gæti gert sér grein fyrir því að lán sem tekið var í september 2005 skuli miðað við neysluvísitölu sem birt var mánuðinum á undan.

Það er óumdeilt að 14. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 veitir heimild til þess að verðtryggja lánsfé enda sé grundvöllur verðtryggingarinnar vísitala neysliverðs sem Hagstofan reiknar út samkvæmt lögum sem um vísitöluna gilda og birtir mánaðarlega í Lögbirtingarblaði. Vísitala sem reiknuð er og birt í tilteknum mánuði gildir um verðtryggingu lánsfjár næsta mánuð á eftir.

Ágreiningslaust er að lán samkvæmt lánsamningnum var verðtryggt og að lánið kom til útborgunar í september 2005. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði er það því sú vísitala sem Hagstofan birtir í ágúst 2005, þ.e. 243,2 stig, sem myndar grunnvísitölu við útreikning verðtryggðra lána sem koma til útborgunar í september, nema um annað sé samið.

Niðurstaða málsins ræðst því af því hvort orðalag samningsákvæðisins er nægilega skýrt og hvort samið hafi verið á annan veg en mælt er fyrir um í 14. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Við skýringu á samningsákvæðinu ber auk orðalagsins að líta til þess hver er almenn viðskiptavenja í samningum af þessu tagi.

Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að samningsaðilar hafi ætlað að víkja frá framangreindu lagaákvæði í samningi þessum og ákvæði gr. 3.5 í lánsamningnum er í samræmi við það sem tíðkast á fjármálamarkaði.

Með vísan til alls framangreinds og þess að sóknaraðila mátti vera ljóst af orðalagi ákvæðisins að lánið var verðtryggt og að varnaraðila var heimilt lögum samkvæmt að miða verðtryggingu við vísitölu neysliverðs mánuðinum á undan og að grunnvísitala lánasamningsins er sérstaklega tilgreind og feitiletruð í samningnum er kröfu sóknaraðila um að miðað verði við vísitölu 246,9 stig hafnað.

Kröfu sóknaraðila um að varnaraðili greiði málsskotsgjald sóknaraðila er hafnað með vísan til 3.mgr. 15. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Úrskurðarorð:

Kröfum sóknaraðila M, á hendur varnaraðila fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 4. apríl 2007

Auður Inga Ingvarsdóttir

Grétar Grétarsson

Hildgunnur Hafsteinsdóttir

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, miðvikudaginn 21. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 12. apríl 2006 með kvörtun A f.h. sóknaraðila, dagsettri 10. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. apríl 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 12. maí 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. maí 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 22. maí 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 7., 16. og 21. júní 2006.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili starfaði sem XXXX í útibúi varnaraðila á XXXX og var þar einn af þremur yfirmönnum. Hinn 1. september 2004 gerðu aðilar máls þessa með sér kaupsamning þar sem sóknaraðili lofaði að kaupa og varnaraðili að selja hlutabréf að nafnverði kr. 1.500.000 í varnaraðila. Var umsamið gengi hlutanna 10,0 og kaupverð því kr. 15.000.000. Kaupverðið skyldi greiða með einni greiðslu hinn 1. september 2008 en fram að þeim tíma skyldi það bera 6,35% ársvexti. Sóknaraðila var samkvæmt samningnum heimilt að greiða kaupverðið í heild eða að hluta fyrir umsaminn gjalddaga og skyldi slíkum greiðslum þá fyrst varið til greiðslu á áföllnum vöxtum en síðan til greiðslu höfuðstóls.

Samkvæmt samningi aðila skuldbatt kaupandi sig til þess að eiga hlutabréfin eigi skemur en til 1. september 2007. Var honum óheimilt að veðsetja eða framselja hlutabréfin til þess tíma og breytti þá engu þótt greitt væri inn á kaupverðið fyrir gjalddaga. Umrædd bréf skyldu varðveitt á svonefndum XX-reikningi í eigu sóknaraðila en í umsjón varnaraðila þar til kaupverð þeirra væri að fullu greitt.

Í téðum samningi var enn fremur að finna ákvæði þess efnis að samningurinn væri gerður á þeirri forsendu að sóknaraðili starfaði hjá varnaraðila eða dótturfélagi hans eigi skemur en til 1. september 2007. Létu sóknaraðili af störfum fyrir þann tíma að eigin ósk eða honum yrði sagt upp störfum vegna brota í starfi, veitti hann varnaraðila einhliða kauprétt að þeim hlutabréfum sem samningurinn tæki til á verði sem svaraði til ógreidds kaupverðs að viðbættum áföllnum vöxtum. Hefði kaupandi greitt inn á kaupverðið fyrir

gjaldþaga skyldi kaupréttur varnaraðila eingöngu taka til þess sem væri hlutfallslega ógreitt.

Hinn 3. október 2005 greiddi sóknaraðili eftirstöðvar andvirði umræddra hlutabréfa með kr. 15.564.508 en þar af voru vextir kr. 568.695. Sama dag sagði hann upp störfum hjá varnaraðila með umsömdum þriggja mánaða fyrirvara. Varnaraðili hafnaði þá þegar frekara vinnuframlagi sóknaraðila.

Þann 8. október 2005 óskaði sóknaraðili eftir því með rafpósti til varnaraðila að hlutabréfin yrðu færð af áðurnefndum vs-reikningi og yfir á annan slíkan tilgreindan reikning. Með rafpósti sínum til sóknaraðila, dagsettu 18. október 2005, tilkynnti varnaraðili sóknaraðila þann skilning sinn að varnaraðili ætti rétt á að fá umrædd hlutabréf afhent og jafnframt rétt á að selja bréfin og greiða upp áðurnefnt lán. Í samræmi við þessa túlkun var sóknaraðila endurgreidd sú fjárhæð sem hann greiddi til uppgreiðslu lánsins, hlutabréfin seld og andvirðið notað til uppgreiðslu. Sóknaraðili mótmælti afstöðu varnaraðila, kvað framkvæmdina ólögmeða og óskaði leiðréttingar.

Með tveimur bréfum lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 27. október 2005, var m.a. ítrekuð sú krafa hans að bakfærsla á hlutabréfaviðskiptum hans samkvæmt samningi aðila yrði leiðrétt, enda hafi varnaraðila verið óheimilt að bakfæra viðskiptin án samráðs við sóknaraðila. Með tveimur bréfum varnaraðila, dagsettu 2. og 14. nóvember 2005, var kröfum sóknaraðila hafnað. Kvað varnaraðili að ekki hafi verið um bakfærslu að ræða, heldur endurgreiðslu þar sem varnaraðili hefði nýtt sér kauprétt sinn samkvæmt samningi aðila og endurgreitt þá greiðslu sem sóknaraðili innti af hendi. Lögmaður sóknaraðila áréttaði sjónarmið hans í tveimur bréfum til varnaraðila, dagsettu 29. nóvember 2005.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 10. apríl 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert skylt „að færa umrædda bakfærslu til fyrra horfs, þannig að bréfin verði færð inn á XX reikning gegn endurgjaldi sem bakfært var.“

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðila hafi verið óheimilt að bakfæra þegar uppgerð hlutabréfakaup. Hafi varnaraðili í þessum efnum nýtt sér yfirburðastöðu sína með óréttmætum hætti án heimildar sóknaraðila.

Ágreiningur aðila um hvort sóknaraðila hafi verið heimilt að greiða umrætt lán sé einkaréttarlegur ágreiningur og breyti engu um heimildarleysi varnaraðila til nefndrar bakfærslu.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Kröfu sinni til stuðnings vísar varnaraðili annars vegar til 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en sóknaraðili sé ekki í því tilviki sem hér um ræði viðskiptamaður í skilningi þess ákvæðis heldur sé um vinnuréttarlegan ágreining að ræða sem ekki heyri undir nefndina. Varnaraðili telur ágreining aðila ekki snúast um bakfærslu í hefðbundnum viðskiptum heldur ágreining um hvernig beri að skýra tiltekið ákvæði í kaupsamningi sóknaraðila og varnaraðila. Beri nefndinni því þá þegar af þessum sökum að vísa málinu frá.

Í annan stað telur varnaraðili málið óhæft til afgreiðslu hjá úrskurðarnefndinni í skilningi 7. gr. áðurnefndra samþykktar. Kveður varnaraðili úrskurðarnefndina ekki vera réttan aðila til að skera úr þeim ágreiningi, enda sé að finna ákvæði í samningi aðila um að

mál vegna ágreinings um túlkun samningsins skuli rekið fyrir gerðardómi og fari um gerðardómsmeðferð eftir lögum nr. 53, 1989 um samningsbundna gerðardóma. Sé sú málskotsleið sem ákvæðið fjalli um tæmandi.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, geta viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Í a-lið 2. mgr. 3. gr. segir að nefndin taki til meðferðar kvartanir sem varði réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Samkvæmt d-lið 6. gr. fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms.

Ágreiningur í máli þessu snýr að uppgjöri kaupsamnings milli sóknaraðila og varnaraðila um hlutabréf í varnaraðila sem var hluti af starfskjörum sóknaraðila hjá varnaraðila. Varðar mál þetta því starfssamband aðila og starfslok sóknaraðila hjá varnaraðila. Í téðum samningi er skýrt kveðið á um að mál vegna ágreinings um túlkun samningsins skuli reka fyrir gerðardómi og eru þar frekari ákvæði um skipan gerðardóms og gerðardómsmeðferð.

Með vísan til framanritaðs, svo og a-liðar 2. mgr. 3. gr., meginreglu d-lið 6. gr. og 7. gr. tilgreindra samþykktu er það niðurstaða nefndarinnar að mál þetta heyri ekki undir nefndina. Verður því ekki hjá því komist að vísa málinu þá þegar af þeirri ástæðu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 21. júní 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, miðvikudaginn 21. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 24. apríl 2006 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 12. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. apríl 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 15. maí 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. maí 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust 14. júní 2006 með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 2. júní 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16., 20. og 21. júní 2006.

II.

Málsatvik.

Faðir sóknaraðila lést á árinu 1999. Fékk sóknaraðili greiddan arf eftir hann í júlí 2000. Hinn 28. júlí 2000 voru keypt f.h. sóknaraðila hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðunum B hjá varnaraðila fyrir kr. 3.700.000. Verðmæti skírteinanna hafði rýrnað um kr. 462.500 í lok árs. Gerði lögmaður sóknaraðila athugasemdir um þessi efni og krafðist skaðabóta í bréfi til varnaraðila, dagsettu 23. mars 2001.

Þann 19. mars og 2. og 3. apríl 2001 voru hlutdeildarskírteini sóknaraðila seld og var söluverð þeirra samtals kr. 2.952.596 eða kr. 747.404 kr. lægra en kaupverð bréfanna í júlí árið áður.

Lögmaður sóknaraðila krafðist á ný skaðabóta fyrir hans hönd með bréfi, dagsettu 18. mars 2005. Kröfunni var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 19. apríl 2005.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 10. apríl 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda varnaraðila vegna rýrnunar á fé sóknaraðila í vörslu varnaraðila frá 28. apríl 2000. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum skaðabætur að fjárhæð kr. 747.404 með dráttarvöxtum frá 3. apríl 2001 til greiðsludags, auk lögmannskostnaðar.

Sóknaraðili styður kröfu sína þeim rökum að varnaraðili hafi gefið rangar upplýsingar þá er keypt voru verðbréf í nafni sóknaraðila. Hafi forsvarsmenn sóknaraðila verið fullvissaðir um að fé hans gæti ekki rýrnað í vörslu varnaraðila þar sem B væri sérsniðin ávöxtunarleidd fyrir ólöggráða einstaklinga og ætti að tryggja að höfuðstóll fjár

þeirra myndi ekki lækka. Hafi þetta verið ákvörðunarástæða fyrir kaupunum og þau því byggð á röngum forsendum sem varnaraðili beri ábyrgð á. Ennfremur er byggt á að af eignasamsetningu umrædds verðbréfasjóðs verði ráðið að um sé að ræða áhættufjárfestingu og hafi því verið fráleitt að ráðleggja kaup á verðbréfum í slíkum sjóði fyrir sóknaraðila, sem þá hafi verið fimm ára.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt ákvæðum lögræðisлага nr. 71, 1997 beri lögráðamenn ábyrgð á ráðstöfun og varðveislu fjármuna ófjárráða. Skuli eignir þeirra, sem eru að verðmæti yfir 500.000, varðveittar og ávaxtaðar að höfðu samráði lögráðamanns og yfirlögráðanda. Beri lögráðamenn sóknaraðila því lögum samkvæmt ábyrgð á ráðstöfun fjármuna hans og þeirri ákvörðun að fjárfesta í fyrrgreindum verðbréfum. Kveðst varnaraðili ekki á nokkurn hátt geta borið ábyrgð á að gengislækkun umrædds verðbréfasjóðs hafi leitt til rýrnunar fjár sóknaraðila.

Varnaraðili kveður ennfremur tómlæti sóknaraðila takmarka rétt hans til bóta. Hafi varnaraðili mátt ætla að málinu væri lokið við innlausn téðra hlutdeildarskírteina, en tæp fjögur ár hafi liði frá henni þar til lögmaður sóknaraðila sendi bréf sitt, dagsett 18. mars 2005. Þá hafi tæpt ár liðið frá því að varnaraðili svaraði bréfinu 19. apríl 2005 þar til sóknaraðili lagði fram kvörtun í máli þessu.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili viðurkenningar á bótaskyldu vegna rýrnunar fjár, sem átt hafi að vera í vörslu varnaraðila, frá 28. júlí 2000. Jafnframt krefst hann skaðabóta vegna rýrnunarinnar. Krafa sóknaraðila um nánar tilgreindar skaðabætur byggir á þeirri málsástæðu að varnaraðili hafi bakað sér bótaskyldu með aðgerðum sínum eða athafnaleysi. Yrði fallist á skaðabótakröfu sóknaraðila myndi sú niðurstaða byggjast á því að varnaraðili hefði bakað sér slíka bótaskyldu. Viðurkenningarkrafa sóknaraðila er því hluti af málsástæðum hans til stuðnings fjárkröfu sinni. Verður því ekki kveðinn upp sérstakur úrskurður um viðurkenningarkröfuna. Er því óhjákvæmilegt að vísa viðurkenningarkröfu sóknaraðila frá úrskurðarnefndinni.

Gögn málsins bera greinilega með sér að í nafni sóknaraðila voru keypt hlutdeildarskírteini í tilgreindum verðbréfasjóði 28. júlí 2000 fyrir kr. 3.700.000. Bréfin voru seld aftur 19. mars og 2. og 3. apríl 2001 með samtals kr. 747.404 tapi, sem er sú fjárhæð sem sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði sér í skaðabætur. Fé sóknaraðila var ekki í vörslu varnaraðila og var enginn fjárvörslusamningur á milli þeirra. Ákvörðun um kaup og sölu verðbréfa fyrir hönd sóknaraðila var í höndum lögráðamanns hans, sem fer með fjárhald hans, sbr. 2. mgr. 51. gr. lögræðisлага nr. 71, 1997, eftir atvikum í samráði við yfirlögráðanda, sbr. 2. mgr. 67. gr. laganna. Ósannað er að varnaraðili hafi lofað tiltekinni ávöxtun af þeim hlutdeildarskírteinum sem keypt voru eða hafi með einhverjum hætti sýnt af sér saknæma háttsemi við kaup eða sölu bréfanna. Ekki hefur verið sýnt fram á að langtímafjárfesting í umræddum skírteinum hafi falið í sér slíka áhættu að ósamrýmanlegt væri ákvæðum lögræðisлага. Ákvörðun um að selja skírteinin í mars og apríl 2001 á því gengi sem þá var á bréfunum og með því tapi sem því fylgdi var tekin af lögráðamanni sóknaraðila og á ábyrgð hans. Eru því engin efni til annars en að hafna öðrum kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Viðurkenningarkröfu sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Öðrum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 21. júní 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, miðvikudaginn 21. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Íris Ösp Ingjaldsdóttir og Sölvi Sölvason.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. maí 2006 með kvörtun A, lögráðamanns sóknaraðila, dagsettri 3. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. maí 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi B, dagsettu 29. maí 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. júní 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16., 20. og 21. júní 2006.

II.

Málsatvik.

Með umboði, dagsettu 7. nóvember 2000, veitti sóknaraðili, C, heimild til að taka kr. 4.000.000 út af bankareikningi sínum nr. XXXX hjá varnaraðila. Skrifaði D, undir umboðið sem vottur. Daginn eftir tók nefnd C kr. 4.000.000 út af reikningi sóknaraðila í samræmi við úttektarheimildina.

Sóknaraðili var sviptur fjárræði með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 13. júlí 2001 og honum skipaður lögráðamaður 19. sama mánaðar. Sóknaraðili höfðaði mál á hendur D og C til greiðslu á nefndum kr. 4.000.000. Lauk málinu með sátt í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. nóvember 2003 þar sem D og C féllust á að greiða sóknaraðila umrædda fjárhæð ásamt vöxtum og dráttarvöxtum. Nefndur D lést 5. febrúar 2004 og var dánarbú hans eignarlaust. Árangurslaust fjárnám var gert hjá C 6. júní 2005.

Lögráðamaður sóknaraðila krafðist þess með bréfi, dagsettu 22. febrúar 2006, að varnaraðili greiddi sóknaraðila kr. 4.000.000 í skaðabætur vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir þá er umræddir fjármunir voru teknir út af reikningi hennar. Kröfunni var hafnað með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 6. mars 2006.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 3. maí 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum kr. 4.000.000 með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 8. nóvember 2000 til 25. febrúar 2006, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi.

Sóknaraðili telur varnaraðila hafa sýnt af sér vanrækslu þegar kr. 4.000.000 voru greiddar út af reikningi sóknaraðila 8. nóvember 2000. Kveður sóknaraðili að fullt tilefni hefði verið fyrir varnaraðila að kanna nánar hvernig aðstæðum sóknaraðila hafi verið háttað þegar tekið var við umboði sóknaraðila og greitt út af reikningi hans. Vísar sóknaraðili í þeim efnum til þess um hversu háa fjárhæð hafi verið að ræða, sem nánast hafi verið öll bankainnstæða hans. Ennfremur bendir sóknaraðili á að úttektarheimildin hafi aðeins verið vottuð af einum votti, sem hafi verið eiginmaður C og eitt af 15 börnum sóknaraðila og hafi hann haft hagsmuni af því að C fengi umrædda heimild.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili mótmælir því að hann beri ábyrgð á tjóni sóknaraðila, enda séu skilyrði bótaskyldu ekki fyrir hendi. Vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi verið fjárráða þegar hann ritaði undir margnefnt umboð og hafi þar af leiðandi haft allan rétt til ráðstöfunar þess fjár sem tekið hafi verið út af reikningi hans. Hafi varnaraðili enga heimild haft til afskipta af því hvernig og með hvaða hætti sóknaraðili ráðstafaði fé sínu.

Varnaraðili bendir á að því sé ekki haldið fram að undirskrift sóknaraðila undir umboðið sé fölsuð og skipti vottunin því engu máli. Loks vekur varnaraðili athygli á því að hann hafi aldrei verið nefndur til ábyrgðar fyrir en ljóst hafi verið að innheimta hjá greindri C og syni sóknaraðila hafi reynst vonlaus. Sýni þetta tómlæti að ekki hafi verið litið svo á að varnaraðili gæti verið ábyrgur fyrir tjóni sóknaraðila.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili kr. 4.000.000 í skaðabætur úr hendi varnaraðila vegna meintrar vanrækslu þá er sama fjárhæð var tekin út af reikningi hans hjá varnaraðila 8. nóvember 2000. Þá er krafist vaxta og dráttarvaxta eins og áður er rakið. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að öllum kröfum varnaraðila verði hafnað.

EKKI er um það deilt að sóknaraðili hafi 7. nóvember 2000 sjálfur ritað undir heimild til handa C til að taka kr. 4.000.000 út af bankareikningi hans hjá varnaraðila. Var sóknaraðili þá fjárráða, en hann var sviptur fjárræði 13. júlí 2001. Hafði sóknaraðili því á umræddum tíma fullan ráðstöfunarrétt yfir fé sínu. Ekkert liggur fyrir um heilsufar sóknaraðila á þeim tíma sem umboðið var gefið eða að hann hafi þá verið ófær um að gefa slíkt umboð. Því síður liggur nokkuð fyrir um að varnaraðila hafi verið eða mátt vera kunnugt um einhverjar slíkar aðstæður sóknaraðila eða aðrar sem hnekkst gætu gildi úttektarheimildarinnar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að sóknaraðili hafi af fúsum og frjálsum vilja veitt C heimild til að taka fé út af reikningi sínum. Gat varnaraðili heldur ekki vitað með hvaða hætti fénu yrði ráðstafað og mátti í raun standa á sama, enda honum óviðkomandi. Á varnaraðila hvíldi ekki skylda til að kanna aðstæður sóknaraðila sérstaklega. Breytir vottun umboðs engu þar um.

Samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 21. júní 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

Sölvi Sölvason

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, föstudaginn 27. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 30. maí 2006 með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 31. maí 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 16. júní 2006. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 21. júní 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 17. ágúst 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 29. september og 27. október 2006.

II.

Málsatvik.

Með kaupsamningi, dagsettum 26. nóvember 2004, keypti sóknaraðili íbúð í húsinu A, af B, og skyldi íbúðin afhendast þann dag. Skyldi seljandi ljúka tilteknum framkvæmdum en hús og lóð voru fullkláruð. Kaupverð íbúðarinnar var kr. 25.400.000 sem greiddast skyldi með eftirfarandi hætti:

1. Við undirritun kaupsamnings með peningum kr. 2.000.000
2. Við undirritun kaups. með peningum gegn skilyrtu veðl. kr. 7.082.400
3. Við brunabótamat í peningum gegn skilyrtu veðleyfi kr. 10.917.600
4. Hinn 21. apríl 2005 í peningum kr. 2.500.000
5. Hinn 21. ágúst 2005 í peningum kr. 2.900.000

Með yfirlýsingu, dagsettri 24. nóvember 2004, framseldi seljandi fasteignarinnar með samþykki sóknaraðila, allar greiðslur samkvæmt kaupsamningi til varnaraðila og skyldu þær greiddast inn á reikning hans. Hét varnaraðili því að aflýsa veðskulda- og veðtryggingarbréfum, alls að fjárhæð kr. 675.000.000, af fasteigninni þegar allar kaupsamningsgreiðslur hefðu borist honum.

Gallar munu hafa komið fram á hinni seldu eign og hélt sóknaraðili eftir greiðslum samkvæmt kaupsamningi vegna þessa. Varnaraðili krafði sóknaraðila um ógreiddar greiðslur með innheimtubrési, dagsettu 7. júní 2005 og með ítrekunarbréfi, dagsettu 19. október 2005. Hinn 12. janúar 2006 þingfesti varnaraðili mál á hendur sóknaraðila í Héraðsdómi Reykjavíkur til innheimtu ógreiddra eftirstöðva kaupverðsins.

Með samkomulagi B, og sóknaraðila, dagsettu 3. mars 2006, féllst sóknaraðili á að greiða fullnaðargreiðslu, kr. 1.560.000, auk vaxta, vegna kaupa sinna á nefndri fasteign. Samþykkti varnaraðili þetta fyrir sitt leyti með áritun á samkomulagið. Undir samkomulagið ritaði C, hrl., fyrir hönd sóknaraðila. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hver afdrif dómsmáls aðila hafi orðið.

Sóknaraðili vísaði máli sínu til Fjármálaeftirlitsins með bréfi, dagsettu 1. febrúar 2006. Var honum svarað af hálfu stofnunarinnar með bréfi, dagsettu 7. apríl 2006. Málið barst úrskurðarnefndinni 30. maí 2006 með ódagsettri kvörtun sóknaraðila.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili óskar eftir því að úrskurðarnefndin "kynni sér málið ýtarlega, með tilliti til þess hvort hér sé um löglega viðskiptahætti að ræða".

Sóknaraðili kveður ýmsa galla hafa verið á séreign og sameign hins keypta og kveðst hafa orðið fyrir margháttuðu tjóni vegna vanefnda seljanda og varnaraðila í tengslum við viðskipti sín um fasteignina A.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveðst telja að fella beri málið niður. Kveður varnaraðili að máli aðila hafi lokið með fullnaðarsamkomulagi sóknaraðila og seljanda fasteignarinnar, sem varnaraðili sem rétt hafi kaupsamningsgreiðslna hafi samþykkt fyrir sitt leyti.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Þá fjallar nefndin heldur ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar, sbr. e-lið 6. gr. Loks fjallar nefndin ekki um ágreiningsmál sem eru til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms, sbr. d-lið 6. gr. samþykktanna.

Í máli þessu fer sóknaraðili fram á að úrskurðarnefndin kynni sér fasteignaviðskipi sóknaraðila og gefi álit sitt á því hvort um löglega viðskiptahætti hafi verið að ræða. Sóknaraðili hefur enga fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila. Þess utan hafa mál aðila verið til meðferðar Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem mál varnaraðila á hendur sóknaraðila var þingfest 12. janúar 2006. Ágreiningi vegna umræddra fasteignaviðskipta lauk með samkomulagi sóknaraðila og seljanda fasteignarinnar, dagsettu 3. mars 2006, sem varnaraðili samþykkti fyrir sitt leyti.

Með vísan til framanritaðs og b-, d- og e-liða 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, verður þá þegar að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 27. október 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2007, miðvikudaginn 4. apríl, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Einar Páll Tamimi, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Grétar Grétarsson og Íris Ösp Ingjalbsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækinu F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 6. júní 2006 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. júní 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 1. ágúst 2006. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. ágúst 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með rafpósti sóknaraðila, dagsettum 29. ágúst 2006.

Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 8. desember 2006, var óskað eftir frekari gögnum og upplýsingum frá aðilum málsins og A, sem jafnframt var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við kvörtun sóknaraðila. Umbeðnar upplýsingar og gögn bárust 29. desember 2006 með ódagsettu bréfi sóknaraðila, með bréfi varnaraðila, dagsettu 27. desember 2006, og með bréfi A, dagsettu 3. janúar 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 29. september, 27. október, 1. desember 2006 og 16. febrúar, 2. mars, 29 mars og 4. apríl 2007.

II.

Málsatvik.

Hinn 30. nóvember 2005 keypti sóknaraðili fyrir milligöngu varnaraðila alls 2.909 hluti í sænska félaginu B. Voru 2.135 hlutir keyptir á genginu 71 og 774 hlutir á genginu 70,75. Nam kaupverðið alls 208.408,96 sænskum krónum eða sem svaraði kr. 1.646.639 miðað við gengi á sænsku krónunni kr. 7,901. Daginn eftir, þann 1. desember 2005, keypti sóknaraðili fyrir milligöngu C, 1.600 hluti í nefndu félagi á genginu 71,25 fyrir samtals 114.000 sænskar krónur. Hinn 28. desember 2005 seldi sóknaraðili 1.600 hluti í félaginu fyrir milligöngu C, á genginu 83,75 fyrir samtals 134.000 sænskar krónur.

Þann 1. desember 2005 óskaði sóknaraðili eftir því við miðlara hjá varnaraðila að hlutir hans í B, yrðu færðir yfir til C. Gerði hann ráðstafanir þar að lútandi daginn eftir og áframsendi erindið til starfsmanns vörsluaðila síns, D, og óskaði eftir því að hlutirnir yrðu færðir til C. Ekki varð af flutningi þrátt fyrir ítrekanir og fyrirspurnir sóknaraðila næstu vikur, bæði til varnaraðila og A, sem hefur með mál C, að gera hér á landi.

Annar starfsmaður D, hafði samband rafleiðis við varnaraðila 28. desember 2005 og kvað nauðsynlegar upplýsingar vanta frá C. Óskaði hann eftir upplýsingum um tengilið hjá C, sem hægt væri að hafa samband við í því skyni að ljúka færslunni. Ekki verður séð

að varnaraðili hafi svarað umræddum rafpósti fyrr en 18. janúar 2006, en þá spurðist varnaraðili fyrir um stöðu málsins hjá viðkomandi starfsmanni D. Skömmu áður þann dag hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og A, með rafpósti og kvaðst munu senda kvörtun til úrskurðarnefndarinnar vegna þess tjóns sem hann hefði orðið fyrir.

Áður en til þessa kom hafði starfsmaður A, spurst fyrir um það hjá varnaraðila með tölvupósti, dagsettum 13. janúar 2006, hvort vörsluaðili hans væri búinn að senda hlutina til C. Sami starfsmaður hafði sjálfur samband við starfsmann D, með rafpósti, dagsettum 18. janúar 2006, þar sem spurst var fyrir um stöðu mála. Færsla umræddra 2.909 hluta mun hafa gengið eftir hinn 19. janúar 2006. Sóknaraðili seldi hlutina fyrir milligöngu C, þann 23. janúar 2006 á genginu 79,5 fyrir samtals 231.265,50 sænskar krónur.

Með rafpósti, dagsettum 30. janúar 2006, gerði sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili bætti sér það tjón sem hann hefði orðið fyrir vegna dráttar á færslu hlutanna. Kvað hann tjón sitt nema 12.363 sænskum krónum og næmi mismuninum á söluverði annarra hluta í B, sem hann hafði selt á genginu 83,75 þann 28. desember 2005 og gengi hlutanna þegar yfirfærslan komst loks í gegn, sem þá hafi verið 79,5. Erindið var ítrekað með rafpóstum sóknaraðila, dagsettum 8. og 10. mars 2006. Varnaraðili hafnaði kröfum sóknaraðila með bréfi, dagsettu 23. maí 2006.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 6. júní 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst 12.363 sænskra króna vegna dráttar sem orðið hafi á að færa hluti sína í B, yfir til C. Telur hann varnaraðila og vörsluaðila hans verða kennt um dráttinn. Sóknaraðili kveður bótakröfu sína miða við mismun á söluverði þeirra hluta sem hann seldi 28. desember 2005 og söluverði þeirra hluta sem hann seldi 23. janúar 2003.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara er þess krafist að öllum kröfum varnaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að kvörtun sóknaraðila, rökstuðningur og annar málatilbúnaður sé það óskýr að málið sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. 1. mgr. 6. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Sé óljóst hvort kvörtun sé beint gegn varnaraðila eða C. Þá sé kröfufjárhæð alls óviss og órökstudd. Þá sé fullyrðing sóknaraðila þess efnis að hann hafi ætlað að selja bréfin einnig órökstudd.

Varnaraðili styður varakröfu sína við þau rök að sér verði ekki kennt um meint tjón sóknaraðila. Kveðst varnaraðili hafa tekið við beiðni um yfirfærslu hluta sóknaraðila og komið þeim á framfæri og hafi vörsluaðili varnaraðila framkvæmt beiðnina. Hins vegar hafi mótaðili bréfanna ekki sótt hlutina og því hafi þau ekki farið yfir á reikning sóknaraðila hjá hinu nýja fjármálafyrirtæki. Hafi upplýsingar vantað frá C, til að færsla bréfanna gæti átt sér stað. Hafi bréfin því verið færð á svokallað hlutlaust svæði og verið þar tilbúin til afhendingar. Geti varnaraðili ekki borið ábyrgð á því að bréfin hafi ekki verið sótt af mótaðila og færð á reikning sóknaraðila hjá öðru fjármálafyrirtæki.

Varnaraðili bendir á að samkvæmt swift-skeytum hafi vörsluaðila hans borist reglulega skýrslur um stöðu mála. Síni þær stöðuskýrslur að fyrirmæli vörsluaðila um flutning bréfanna hafi ekki verið afgreidd. Síni öll skeytin að bréfin hafi ekki verið sótt þar sem upplýsingar og fyrirmæli frá mótaðila um móttöku bréfanna vanti. Þá hafi C, daglega mótttekið skeyti frá vörsluaðila varnaraðila um að verið væri að reyna að flytja bréfin til C, án árangurs.

V.**Niðurstaða.**

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni á þeim grundvelli að kröfugerð sé órökstudd og rökstuðningur og málatilbúnaður sóknaraðila það óljós að málið teljist ekki tækt til úrskurðar.

Með rafpósti til varnaraðila, dagsettum 30. janúar 2006, gerði sóknaraðili þá kröfu að varnaraðili bætti sér það tjón sem hann hefði orðið fyrir vegna dráttar á færslu 2.909 hluta í B. Kvað hann tjón sitt nema 12.363 sænskum krónum og næmi mismuninum á söluverði annarra hluta í B, sem hann hafði selt á genginu 83,75 þann 28. desember 2005 og gengi hlutanna þegar yfirfærslan komst loks í gegn, sem þá hafi verið 79,5. Kvað hann tjónið tilkomið vegna dráttar á færslu hluta sinna til C. Þótt krafa þessi sé ekki höfð uppi berum orðum í kvörtun sóknaraðila getur varnaraðili ekki dulist að synjun hans á ofangreindri kröfu, sbr. bréf varnaraðila, dagsett 23. maí 2006, er tilefni kvörtunar sóknaraðila til nefndarinnar. Er því nægilega í ljós leitt hverja fjárkröfu sóknaraðili hefur uppi á hendur varnaraðila, svo og að um skaðabótakröfu er að ræða vegna tjóns sem sóknaraðili telur sig hafa orðið fyrir vegna fyrrgreinds dráttar og hann telur varnaraðila bera ábyrgð á. Með vísan til þessa er kröfu varnaraðila um frávísun málsins hafnað.

Samkvæmt framansögðu lítur úrskurðarnefndin svo á að sóknaraðili gerir kröfu til þess að varnaraðili greiði honum 12.363 sænskar krónur, sem er mismunur á hlutum í B, miðað við sölugengi 28. desember 2005 annars vegar og 23. janúar 2006 hins vegar.

Kemur þá næst til skoðunar hvort varnaraðili beri ábyrgð á þeim drætti sem varð á flutningi hluta sóknaraðila í áðurnefndu félagi til C. Eins og fyrr var rakið leitaði sóknaraðili til varnaraðila, sem er fjármálafyrirtæki og hefur atvinnu af og býr yfir sérþekkingu á verðbréfavíðskiptum, og óskaði eftir því að umræddir hlutir hans yrðu færðir yfir til C. Að mati varnaraðila er eðlilegt að slíkur flutningur taki 7-10 daga.

Ágreiningslaust er að sóknaraðili óskaði eftir yfirfærslunni 1. desember 2005 en hún átti sér ekki stað fyrr en 19. janúar 2006 eða 50 dögum síðar. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi komið beiðni sóknaraðila áleiðis til vörsluaðila síns í D, 2. desember 2005, sem aftur hafði samband við vörsluaðila C, í Svíþjóð. Ekki verður séð að nein samskipti milli varnaraðila og vörsluaðila hans hafi átt sér stað um yfirfærslu hlutanna fyrr en með rafpósti vörsluaðila til varnaraðila 28. desember 2005 þar sem þess var getið að tiltekna upplýsingar vantaði til að færslan gæti farið fram. Þá verður heldur ekki ráðið að varnaraðili hafi svarað þessum rafpósti vörsluaðila síns fyrr en 18. janúar 2006. Gerði varnaraðili því engan frekari reka að því að kanna hvort umbeðin færsla hluta sóknaraðila til C, næði fram að ganga, þrátt fyrir fyrirspurnir sóknaraðila.

Varnaraðili hefur og upplýst að vörsluaðila hans hafi borist fjölmörg skeyti þess efnis að upplýsingar og fyrimæli frá mótaðila hafi vantað til að flutningur bréffanna gæti átt sér stað. Ekki verður hins vegar séð að vörsluaðili varnaraðila hafi, fremur en varnaraðili sjálfur, haft samband við fulltrúa C, hvorki hér á landi né erlendis, í því skyni að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar voru til að af færslu hlutanna yrði. Komst málið ekki á neinn rekspöl fyrr en starfsmaður A, hóf að beita sér fyrir lausn þess eftir fyrirspurnir sóknaraðila.

Á varnaraðila hvíldi sú skylda að sjá til þess að umbeðin færsla á hlutum sóknaraðila í B, til C, sem varnaraðili hafði tekið að sér, næði fram að ganga innan eðlilegra tímamarka. Varnaraðili og vörsluaðili hans létu hins vegar hjá líða að fylgja málinu eftir og ganga úr skugga um, og eftir atvikum að tryggja með viðeigandi ráðstöfunum, að umbeðin færsla yrði að veruleika. Á þessari vanrækslu verður varnaraðili að bera bótaábyrgð gagnvart sóknaraðila.

Sóknaraðili krefur stefnanda um 12.363 sænskar krónur, sem svarar til mismunar á því verði sem hann hefði fengið fyrir umrædda 2.909 hluti hans í B, ef hann hefði selt þá á sama tíma og aðra hluti sína í félaginu 28. desember 2005 og raunverulegu söluverði hlutanna 23. janúar 2006. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi viljað hafa alla hluti sína í umræddu félagi á einum stað ef til sölu kæmi og hafi það verið markmið hans með beiðni um færslu hlutanna til C. Hefur sóknaraðili gert það nægilega líklegt að til sölu hlutanna hefði komið um leið og annarra hluta hans í félaginu og að hann hafi því orðið fyrir ofangreindu tjóni. Verður varnaraðili og að bera allan halla af hinu bótaskyldu athafnaleyssi sínu. Þykir því mega taka kröfu sóknaraðila til greina eins og hún er fram sett. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila 12.363 sænskar krónur.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, um að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni er hafnað.

Varnaraðili greiði sóknaraðila, M, 12.363 sænskar krónur.

Reykjavík, 4. apríl 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Einar Páll Tamimi

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Grétar Gréтарsson

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, föstudaginn 27. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2006**:

M
gegn
fjármálatækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 15. júní 2006 með kvörtun A, hrl., f.h. sóknaraðila, dagsettri 9. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. júní 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 6. júlí 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. júlí 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 31. júlí 2006. Frekari gögn bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 22. september 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 29. september og 27. október 2006.

II.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi með afsali, dagsettu 7. júní 2005, eignast fasteignina að B. Afsalsgjafi var faðir sóknaraðila, C, Hinn 1. september 2005 greiddi sóknaraðili inn á þrjár kröfur varnaraðila. Var ein (nr. 0301-020096) á hendur bróður sóknaraðila, D, vegna skuldar samkvæmt veðskuldabréfi. Greiddi sóknaraðili inn á kröfuna kr. 10.348.593. Önnur krafa var vegna skuldar tryggða með tryggingarbréfi nr. I, og greiddi sóknaraðili kr. 6.527.430 inn á þá skuld. Þriðja krafan var vegna skuldar E, samkvæmt veðskuldabréfi og greiddi sóknaraðili kr. 2.521.317 inn á þá skuld.

Ágreiningslaust er með aðilum að ofangreindar skuldir hafi allar með einum eða öðrum hætti verið til komnar vegna rekstrar E, og hafi þær verið tryggðar með veði í fasteign sóknaraðila, sem eins og fyrr sagði var áður í eigu föður hans. Vanskil munu hafa orðið um síðustu aldamót á greiðslu skulda þeirra sem tryggðar voru með veði í umræddri fasteign og fyrrgreint félag orðið gjaldþrota. Munu þá, að sögn sóknaraðila hafa hafist viðræður við varnaraðila um greiðslu áhvílandi veðskulda á fasteigninni B, Mun áður nefndur D, bróðir sóknaraðila, m.a. hafa selt fasteign sína í ágúst 2000 og kr. 4.000.000 af þeirri greiðslu runnið, fyrir milligöngu tiltekins fasteignasala, til varnaraðila. Kveður sóknaraðili samkomulag hafa verið um að fjárhæðin skyldi renna til uppgreiðslu láns, sem tryggt hafi verið með tryggingarbréfi nr. I.

Nauðungarsala var auglýst á fyrrgreindri fasteign. Kveður sóknaraðili að þá hafi orðið að samkomulagi við varnaraðila árið 2001 að faðir hans fengi eignina aftur til sín gegn greiðslu á kr. 17.500.000, sem síðar hafi verið hækkuð í kr. 19.000.000. Hafi verið

gerð krafa um það af hálfu varnaraðila að kr. 1.500.000 yrðu greiddar strax og hafi D, bróðir sóknaraðila, greitt þá fjárhæð til varnaraðila 11. júní 2001.

Varnaraðili óskaði eftir nauðungarsölu á téðri fasteign með beiðnum, dagsettum 25. nóvember 2004 og 22. mars 2005.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 27. febrúar 2006, var kvartað yfir viðskiptaháttum varnaraðila. Erindið var ítrekað með bréfi lögmannsins til varnaraðila, dagsettu 27. mars 2006. Varnaraðili svaraði erindinu með bréfi, dagsettu 3. apríl 2006. Kvaðst hann eiga í stökustu vandræðum með að ráða fram úr umkvörtunarefni sóknaraðila, en að svo miklu leyti sem það yrði gert, væri kröfum sóknaraðila hafnað.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 9. júní 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir „*ítrustu endurgreiðslukröfur*“ á hendur varnaraðila og áskilur sér rétt til skaðabóta vegna tjóns og óþæginda sem hann telur framgöngu varnaraðila í málinu hafa bakað honum. Sóknaraðili telur „*ómögulegt að tilgreina kröfu sína í fjárhæð*“. Hann telur þó ljóst að krafa hans sé a.m.k. endurgreiðsla þeirrar fjárhæðar sem hann innti af hendi 1. september 2005, kr. 6.527.430, til greiðslu á skuld samkvæmt tryggingarbréfi sem átti að hafa verið greidd upp með greiðslu að fjárhæð kr. 4.000.000 hinn 11. ágúst 2000. Þá kveður sóknaraðili kröfu sína lúta að bótum vegna umtalsverðs kostnaðar við rekstur máls síns. Hafi kostnaður vegna starfa þáverandi lögmanns sóknaraðila numið kr. 300.000 (sic) og kostnaður við störf núverandi lögmanns liðlega kr. 125.000 og sjái ekki fyrir endann þar á. Þá hafi sóknaraðili haft umtalsverðan kostnað af ferðum sínum vegna málsins. Ennfremur telur sóknaraðili forsendur til greiðslu miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50, 1993 vera fyrir hendi. Þá hafi varnaraðili og krafið bróður hans um greiðslu á kr. 1.500.000, sem greiddar hafi verið 11. júní 2001. Loks komi til „*verulegur vaxta og verðbótakostnaður vegna málsins*.“ Sóknaraðili óskar eftir afstöðu úrskurðarnefndarinnar til þess hvort varnaraðila hafi verið heimilt „*að taka 3.258.700 kr. af greiðslu sem innt var af hendi 11. ágúst 2000 og greiða beint inn á ávísanareikning fyrirtækisins E, í stað þess að nota fjárhæðina til uppgreiðslu tryggingarbréfs með veði á 5. veðrétti í fasteign föður [sóknaraðila].*“

Sóknaraðili telur ýmist sig eða sig og bróður sinn hafa verið látna tvígreiða andvirði sjálfskuldarábyrgðarbréfs sem fyrrnefnt tryggingarbréf hafi verið til tryggingar á. Þá hafi bróðir sóknaraðila verið knúinn til að samþykkja hækkun á áður samþykktu samkomulagi um verð vegna eignarinnar úr kr. 17.000.000 í kr. 19.500.000. Telur sóknaraðili eðlilegt að sú fjárhæð verði endurgreidd.

Sóknaraðili kveður áðurnefnda ráðstöfun kr. 3.258.700 hafa verið þvert á samkomulag sem búið hafi verið að gera við bankann. Hafi varnaraðili misnotað sér herfilega stöðu sína og gert sóknaraðila að marggreiða skuldir sem varnaraðili hafi haft veð fyrir í B.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili styður aðalkröfu sína þeim rökum að kröfugerð og málatilbúnaður sóknaraðila fullnægi engan veginn áskilnaði b- og e-liða 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Verði krafa sóknaraðila ekki metin til fjár, auk þess sem málið sé svo óljóst og illa upplýst að vonlaust sé fyrir varnaraðila að verjast því. Varnaraðili kveður sóknaraðila enga tilraun hafa gert til

að skýra mál sitt frekar í kvörtun sinni til nefndarinnar, þrátt fyrir að varnaraðili hafi áður lýst því yfir að hann ætti í stökustu vandræðum með að skilja umkvörtunarefni sóknaraðila eins og það var sett fram í bréfi hans, dagsettu 3. apríl 2006.

Varnaraðili bendir á að eina samband hans og sóknaraðila sé að sóknaraðili hafi greitt kr. 19.500.000 til uppgreiðslu á áhvílandi lánnum á fasteign sinni. Inn í málið séu hins vegar dregin ýmis atriði sem ekki virðist tengjast sambandi aðila og geri það málið enn ruglingslegra.

Áhrærandi varakröfu sína kveðst varnaraðili ekki kannast við að hafa samið um að kr. 19.500.000 skyldu duga til uppgreiðslu á öllum áhvílandi skuldum, óháð því hvort varnaraðili hafi verið kröfuhafi þeirra eða einhver annar. Þá kveður varnaraðili kr. 4.000.000, sem greiddar voru 11. ágúst 2000, hafa verið ráðstafað með þeim hætti að kr. 741.300 hafi verið ráðstafað inn á skuldabréf nr. H, og kr. 3.258.700 inn á tékkareikning E, nr. J.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar nefndin ekki um mál, sem eru það óljós, illa upplýst eða kröfur aðila svo óskýrar að þau eru ekki tæk til úrskurðar.

Kröfugerð sóknaraðila er ekki svo skýr sem vera skyldi. Eins og fyrr er rakið gerði sóknaraðili í bréfi lögmanns hans til varnaraðila, sem kvörtun hans grundvallast á, „*ítrustu endurgreiðslukröfur*“ og kröfu um ótilgreindar skaðabætur vegna tjóns og óþæginda. Í bréfi lögmannsins til úrskurðarnefndarinnar kemur fram það álit sóknaraðila að honum sé „*ómögulegt að tilgreina kröfu sína í fjárhæð*“. Telur sóknaraðili að krafa hans sé a.m.k. krafa um endurgreiðslu tiltekinna fjárhæðar, sem hann innti af hendi 1. september 2005, auk kröfu um ótilgreindar bætur vegna miska, lögmanns- og ferðakostnaðar og verulegs „*vaxta og verðbótakostnaðar*“. Sóknaraðili vísar og til þess að varnaraðili hafi krafist bróður hans um greiðslu á kr. 1.500.000, sem greiddar hafi verið 11. júní 2001.

Framangreindu til viðbótar er málatalilbúnaður sóknaraðila um margt óljós og ruglingslegur. Þannig segir t.d. í bréfi sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 27. febrúar 2006, sem kvörtun sóknaraðila grundvallast á, að sóknaraðili styðji kröfur sínar þeim rökum að hann hafi tvígreitt skuldir D, bróður hans, auk þess sem varnaraðili hafi ekki sinnt því að ganga með formlegum hætti frá því samkomulagi sem náðst hafi í júní 2001. Í bréfi sóknaraðila til nefndarinnar, dagsettu 31. júlí 2006, segir hins vegar að sóknaraðili og nefndur D, hafi tvígreitt kröfuna. Af málatalilbúnaði sóknaraðila verður helst ráðið að hann geri athugasemdir við hvernig varnaraðili hafi ráðstafað kr. 4.000.000 sem ráðstafað var til varnaraðila af söluandvirði fasteignar bróður hans hinn 11. ágúst 2000. Kveðst sóknaraðili óska eftir afstöðu úrskurðarnefndarinnar til þess hvort varnaraðili hafi verið heimilt „*að taka 3.258.700 kr. af greiðslu sem innt var af hendi 11. ágúst 2000 og greiða beint inn á ávísanareikning fyrirtækisins E, í stað þess að nota fjárhæðina til uppgreiðslu tryggingarbréfs með veði á 5. veðrétti í fasteign föður [sóknaraðila]*.“ Ekki hefur verið útskýrt af hálfu sóknaraðila á hvaða grundvelli hann geti haft uppi kröfu á hendur varnaraðila vegna ráðstöfunar varnaraðila á þessari greiðslu þriðja manns. Sama gildir um þær kr. 1.500.000, sem sóknaraðili kveður bróður sinn hafa verið knúinn til að greiða varnaraðila í júní 2001, en af málatalilbúnaði sóknaraðila virðist mega ráða að hann telji sig eiga kröfu á hendur varnaraðila vegna þessa.

Sóknaraðili nýtur aðstoðar lögmanns við málarekstur sinn. Samkvæmt því sem að framan er rakið þykir kröfugerð sóknaraðila svo óskýr og málatalilbúnaður hans að öðru leyti það óljós að mál þetta getur ekki talist tækt til efnislegrar úrlausnar. Verður því ekki

hjá því komist að vísa því úrskurðarnefndinni, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 27. október 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2007, föstudaginn 27. apríl, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Jón Magnússon.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2006**:

M
gegn
Fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru þrotabú M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 2. október 2006 með kvörtun A, hrl., skiptastjóra sóknaraðila, dagsettri 27. september 2006. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. október 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust hinn 25. október 2006 með bréfi B, dagsettu 23. september (sic) 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. október 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 1. nóvember 2006. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 2. febrúar 2007, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Þau bárust með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 23. febrúar 2007. Gögnin voru send lögmanni sóknaraðila með rafpósti nefndarinnar, dagsettum 27. febrúar 2007, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Lögmaðurinn svaraði með rafpósti sama dag og kvað ekki ástæðu til frekari athugasemda að sinna hálfu.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 1. desember, 15. desember 2006 og 16. febrúar, 2. mars, 29. mars og 27. apríl 2007.

II.

Málsatvik.

Hinn 5. maí 2004 gerðu aðilar máls þessa með sér fjármögnunarleigusamning C, þar sem sóknaraðili tók á leigu af varnaraðila fasteignina D, í Reykjavík, auk húsbúnaðar. Var samningurinn ótímabundinn en grunnleigutími 15 ár frá 10. maí 2004. Leigugrunnur samningsins var kr. 78.000.000. Nýr fjármögnunarleigusamningur E, um sömu fasteign var gerður milli aðila 20. september 2005. Hinn 25. júní 2004 gerðu aðilar máls þessa aftur með sér samning um fjármögnunarleigu. Var samningurinn F, og leigði sóknaraðili samkvæmt honum fasteignirnar að G, í Reykjavík af varnaraðila, auk nánar tilgreinds búnaðar og tækja. Var samningurinn ótímabundinn, en grunnleigutími 12 ár frá 10. júlí 2004. Leigugrunnur var kr. 205.000.000. Loks gerðu aðilar með sér rekstrarleigusamning hinn 22. nóvember 2004 um leigu bifreiðarinnar H, af tegundinni Hyundai Santa Fe.

Varnaraðili rifti ofangreindum samningum með símskeyti 7. mars 2005 vegna vanskila, samtals að fjárhæð kr. 12.164.451 að meðtöldum vöxtum og kostnaði. Var uppgreiðsluverð samninganna með vanskilum sagt vera kr. 218.383.823 og

lögmannsbókun kr. 5.718.629 að meðtöldum virðisaukaskatti. Þann 17. nóvember 2005 skrifuðu fyrirsvarsmenn sóknaraðila undir „[uppgjör fjármögnunarleigusamnings nr. E, og áfallins útlagðs kostnaðar vegna riftunar 7. mars 2005 á öllum samningum [sóknaraðila] við [varnaraðila].“ Samkvæmt uppgjörinu skyldi sóknaraðili greiða varnaraðila kr. 65.104.429 vegna þessa. Þar af voru kr. 59.416.048 til uppgreiðslu á nefndum samningi og kr. 4.900.000 í lögmannsbókun að meðtöldum virðisaukaskatti. Ekki verður þó séð að varnaraðili hafi innheimt hærri þóknun en sem nemur kr. 3.935.680, sbr. reikning, dagsettan 25. nóvember 2005.

Sóknaraðili var tekinn til gjaldprotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 8. maí 2006 og var A, skipaður skiptastjóri. Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 29. ágúst 2006, óskaði skiptastjóri eftir upplýsingum um fyrrgreint uppgjör, m.a. um greiðslu lögmannsbókunar. Með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 15. september 2006, var tekið fram að varnaraðili hefði veitt afslátt af þóknuninni og hefði hún fyrst verið lækkuð úr kr. 5.718.629 í kr. 4.900.000 en síðan í kr. 3.935.680, í öllum tilvikum að meðtöldum virðisaukaskatti. Með bréfi skiptastjóra til varnaraðila, dagsettu sama dag, var þess krafist að varnaraðili endurgreiddi búinu kr. 4.900.000. Með bréfi, dagsettu 20. september 2006, var upphæðin leiðrétt og þess krafist að varnaraðili endurgreiddi sóknaraðila kr. 3.935.680. Kröfunni var hafnað með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 22. september 2006.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 27. september 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess aðallega að varnaraðila verði gert að endurgreiða sóknaraðila kr. 3.935.680 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 17. nóvember 2005 til greiðsludags. Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar að mati úrskurðarnefndarinnar.

Sóknaraðili telur greidda þóknun til varnaraðila, kr. 3.935.680 að meðtöldum virðisaukaskatti, hafa verið óhóflega og ósanngjarna. Þá sé þóknun þessi tilgreind sem lögmannsbókun án þess að lögmannsstofa hafi komið nálægt innheimtunni. Gjaldskrá varnaraðila hafi heldur hvorki legið frammi við gerð samninga milli aðila né hafi fyrirsvarsmenn sóknaraðila áritað hana. Hafi heldur ekki verið vitnað til gjaldskrárinnar í samningum aðila. Ennfremur hafi varnaraðila ekkert haft um nefnda fjárhæð að segja, heldur hafi verið um afarkosti að ræða.

Verði talið að sóknaraðili hafi skuldbundið sig með samningi til að greiða umrædda þóknun, er á því byggt af hálfu sóknaraðila að víkja eigi samningnum til hliðar í heild sinni eða hluta, sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7, 1936.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili gerir aðallega þá kröfu að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Til vara krefst hann þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur að ekkert samningssamband sé milli aðila í skilningi a-liðar 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lítur varnaraðili svo á að samningssambandi sínu við sóknaraðila hafi lokið með riftun samninga 7. mars 2005. Hafi í kjölfarið farið fram uppgjör í samræmi við skilmála samninganna. Sé einungis eftir frágangur á uppgjóri kostnaðar við uppsetningu brunavarna sem sé alls ótengt efni kvörtunarinnar.

Áhrærandi varakröfu sína bendir varnaraðili í fyrsta lagi á að það hafi verið mat lögfræðisviðs varnaraðila og þess héraðsdómslögmanns sem því stýrir að ekki yrði hjá því

komið að rifta samningum aðila. Við uppgjör í kjölfarið hafi verið fylgt ákvæðum samninganna, m.a. um greiðslu innheimtu- og málskostnaðar. Kveður varnaraðili þóknunina hafa verið reiknaða af uppgreiðsluverðmæti samninganna samkvæmt gjaldskrá varnaraðila.

Í annan stað vísar varnaraðili til þess að hann hafi líkt og nánast öll önnur fjármálafyrirtæki landsins starfandi lögfræðisvið innan sinna veggja. Annist sviðið lögfræðilega ráðgjöf og eftir atvikum innheimtu vanskilakrafna í eigu varnaraðila. Lúti sviðið stjórn héraðsdómslögmanns svo sem áður greinir og sé hann í Lögmannafélagi Íslands. Þá kveður varnaraðili áratuga dómvenju fyrir því að lögmannsstofum sé ekki mismunað við ákvörðun málskostnaðar eftir hvort þær séu reknar af fjármálafyrirtækjum til að sinna eigin lögfræðimálum eða sjálfstætt starfandi lögmonnum. Sé og allur tilfallandi kostnaður með sama hætti á báðum stöðum.

Í þriðja lagi kveður varnaraðili gjaldskrá sína hafa legið frammi við uppgjör aðila og liggi að auki frammi í afgreiðslu. Ennfremur vísar varnaraðili til samningsskilmála, sem sóknaraðili hafi kynnt sér. Þá hafi þáverandi lögmaður sóknaraðila gjörla gert sér grein fyrir þeim útreikningi sem fylgt hafi verið við ákvörðun þóknunar varnaraðila.

Í fjórða lagi telur varnaraðili að uppgjörið hafi í einu og öllu byggst á ákvæðum samninga aðila og gjaldskrá varnaraðila. Hafi þáverandi fyrirsvarsmenn sóknaraðila skrifað undir uppgjörið án fyrirvara, en þeir hafi notið aðstoðar lögmanns við gerð þess.

Í fimmta lagi kveður varnaraðila þremur samningum við sóknaraðila hafa verið rift, þ.á m. samningi um I, í Reykjavík. Varnaraðili hafi hins vegar veitt sóknaraðila lengri frest en honum hafi verið skylt til að greiða þann samning upp. Þar sem ekki hafi tekist að selja eignina strax hafi fyrir þrábeiðni sóknaraðila verið gerður nýr samningur um þá eign 20. september 2005. Varnaraðili bendir á að í fasteignunum að G, hafi verið rekið hótél, sem varnaraðili hafi tekið við og rekið áfram en með því hafi verið dregið úr tjóni sóknaraðila. Þar hafi starfað fimm starfsmenn auk verktaka við þrif og viðhald. Á I, hafi verið leigð út fjögur herbergi og tvær íbúðir. Hafi mikil vinna verið á starfsmönnum lögfræðisviðs varnaraðila vegna reksturs og aðstoðar við sölu eignanna.

Í sjötta lagi telur varnaraðili úrskurðarnefndina ekki hafa heimild til að afgreiða málið með skírskotun til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7, 1936, auk þess sem efnislegum skilyrðum greinarinnar sé ekki uppfyllt.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur að umkrafinni lögmannsþóknun varnaraðila vegna uppgjors, dagsetts 18. nóvember 2005, í framhaldi af riftun varnaraðila 7. mars 2005 á tveimur fjármögnunarleigusamningum og einum rekstrarleigusamningi við sóknaraðila. Féllst sóknaraðili á að greiða kr. 4.900.000 í lögmannsþóknun, en sú fjárhæð sem að endingu var innheimt nam kr. 3.935.680, sbr. reikning, dagsettan 25. nóvember 2005.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila. Við uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðar tók sóknaraðili við fyrirsvari samnefnds félags vegna margnefndra samninga við varnaraðila, sbr. og 72.-74. gr. laga nr. 21, 1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Að svo miklu leyti sem uppi kann að vera krafa á hendur varnaraðila vegna samninga eða uppgjors hins gjaldþrota félags við varnaraðila er sú krafa nú sóknaraðila. Er þess og að geta að samkvæmt frásögn varnaraðila er uppgjöri aðila ekki að fullu lokið. Samkvæmt

Þessu verður að telja að fyrir hendi sé samningssamband milli aðila í skilningi a-liðar 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Verður frávísunarkröfu varnaraðila því hafnað.

Um langt skeið hefur tíðkast að fjármálafyrirtæki reki eigin lögfræðideildir með lögmonnum innanborðs sem sjá um lögfræðistörf fyrir viðkomandi fyrirtæki og innheimtu eigin krafna þess. Hefur varnaraðili komið sér upp sérstöku lögfræðisviði sem stýrt er af héraðsdómslögmanni og ber hann ábyrgð á rekstri þess. Innheimta lögmannsbókunnar er ekki bundin við að viðkomandi lögmaður starfi á lögmannsstofu.

Varnaraðili krafðist greiðslu lögmannsbókunnar í kjölfar riftunar á samningum aðila 7. mars 2005. Í uppgjóri aðila, sem undirritað er af sóknaraðila án nokkurs fyrirvara, er vísað til þess að um sé að ræða uppgjör fjármögnunarleigusamnings nr. E, þ.e. samnings, dagsetts 20. september 2005, vegna D, annars vegar og áfallins útlagðs kostnaðar vegna riftunar 7. mars 2005 á öllum samningum sóknaraðila við varnaraðila. Í uppgjörinu kemur fram að um sé að ræða endanlegt samkomulag aðila og muni sóknaraðili ekki hafa uppi frekari kröfur á hendur varnaraðila. Naut hann aðstoðar lögmanns við gerð uppgjörins. Var athugasemdum við uppgjórið ekki hreyft af hálfu sóknaraðila fyrr en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta og skiptastjóri tók við rekstri búsin.

Umkrafða og greidda þóknun kveðst varnaraðili styðja við gjaldskrá sína. Hefur því ekki verið hnekkt af hálfu sóknaraðila að rétt sé reiknað. Um var að ræða verulega hagsmuni og því eðlilegt að umkrafín þóknun varnaraðila taki mið af því. Styðst umkrafín þóknun ennfremur við samninga aðila. Er því ekki unnt að staðhæfa að þóknunin hafi í ljósi atvika verið óhófleg eða bersýnilega ósanngjörn.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila á varnaraðila.

Það athugast að héraðsdómslögmaður sá, sem ábyrgð ber á innheimtu umræddrar þóknunar, er samkvæmt lagaskyldu félagsmaður í Lögmannafélagi Íslands, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um lögmennt nr. 77, 1998. Ágreiningi um störf hans má því skjóta til úrskurðarnefndar lögmannna, sbr. m.a. ákvæði V. kafla laganna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, um að máli þessi verði vísað frá úrskurðarnefndinni, er hafnað.

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, er hafnað.

Reykjavík, 27. apríl 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Grétar Gréтарsson

Gunnar Viðar

Jón Magnússon

Sérálit

Geirs Arnar Marelssonar

Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur að umkrafinni lögmannsbókunnar varnaraðila vegna uppgjör, dagsettu 18. nóvember 2005, í framhaldi af riftun varnaraðila þann 7. mars 2005 á tveimur fjármögnunarleigusamningum og einum rekstrarleigusamningi við sóknaraðila.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að greiðsla á lögmansþóknun til varnaraðila, að fjárhæð kr. 3.935.680, hafi ekki verið í samræmi við framangreinda samninga. Vísað er til þess að í samningi aðila er ekki kveðið á um að sóknaraðili skuli greiða hagsmuna tengda þóknun til varnaraðila. Þá sé þóknun þessi tilgreind sem lögmansþóknun án þess að lögmansstofa hafi komið nálægt innheimtunni. Vísað er til þess að gjaldskrá varnaraðila lá ekki frammi við gerð samninga né var vitnað til hennar eða hún samþykkt af fyrirsvarsmönnum sóknaraðila. Lögð er jafnframt áhersla á að þóknunin sé óhófleg og ósanngjörn og sóknaraðili hafi ekkert haft um nefnda fjárhæð að segja, heldur hafi verið um afarkosti að ræða.

Í 12. gr. í fjármögnunarleigusamningi aðila er fjallað um uppgjör vegna riftunar eða uppsagnar. Í 1. og 2. tl. ákvæðisins er annars vegar fjallað um uppgjör vegna gjaldfallinna leigugreiðslna og hinsvegar ógjaldfallinna. Í 1. tl. ákvæðisins kemur fram að leigutaki skuli við riftun greiða ógjaldfallna leigu, umreiknaða til núvirðis með samningsvöxtum. Í 2. tl. segir svo að leigutaki skuli jafnframt greiða allar gjaldfallnar leigugreiðslur ásamt áföllnum vöxtum, sem og innheimtu- og málskostnað af allri skuldinni. Í 3. tl. er þess svo getið að leigutaki skuli greiða beinan útlagðan kostnað leigusala, þ.m.t. málskostnað.

Í ákvæðum 12. gr. er þess ekki getið að leigutaki skuli við riftun greiða lögmansþóknun samkvæmt gjaldskrá leigusala sem tekur mið af heildarfjárhæð gjaldfallinna og ógjaldfallinna leigugreiðslna ásamt áföllnum kostnaði. Með samkomulagi, dagsettu 18. nóvember 2005, féllst sóknaraðili hins vegar á að greiða umdeilda lögmansþóknun til varnaraðila. Í samkomulaginu kemur fram að um lokauppgjör aðila sé að ræða og sóknaraðili skuldbindur sig sérstaklega til þess að hafa ekki uppi frekari kröfur á hendur varnaraðila. Verður því að telja að með samkomulagi þessu hafi sóknaraðili samið um og samþykkt að greiða framangreinda þóknun

Af hálfu sóknaraðila er til vara gerð sú krafa að verði talið að sóknaraðili hafi skuldbundið sig með samningi til að greiða umrædda þóknun, eigi að víkja samningnum til hliðar í heild sinni eða hluta með vísan til 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7, 1936 um samninga, umboð og ógilda löggerninga. Sú krafa er á því reist að um ósanngjarnan samning sé að ræða auk þess sem hann sé klárlega andstæður góðri viðskiptavenju fjármálafyrirtækja. Í málsástæðum er þess að auki getið að sóknaraðili hafi ekkert haft um nefnda fjárhæð að segja, heldur hafi verið um afarkosti að ræða.

Í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7, 1936 kemur fram að víkja megi samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Í 2. mgr. kemur fram að við mat samkvæmt 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Þegar litið er til þeirra upplýsinga og gagna er liggja fyrir í málinu verður ekki séð að sýnt hafi verið fram á að forsendur eða skilyrði fyrir beitingu 36. gr. laga nr. 7, 1936 séu fyrir hendi, einkum í ljósi þess að sóknaraðili naut aðstoðar lögmans við gerð samkomulags um uppgjör.

Með vísan til framangreinds er ég sammála þeirri niðurstöðu meirihluta úrskurðarnefndarinnar að hafna beri öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Reykjavík, 27. apríl 2007.

Geir Arnar Marelsson

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2006, fimmtudaginn 21. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 20. október 2006 með kvörtun A, hrl., f.h. sóknaraðila, dagsettri 18. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. október 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 13. nóvember 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. nóvember 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 27. nóvember 2006.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 1. 15. og 21. desember 2006.

II.

Málsatvik.

Hinn 14. desember 2005 gerðu aðilar máls þessa með sér kaupsamning um sex stofnfjárhluti sóknaraðila í B, Seldi sóknaraðili varnaraðila hlutina, sem voru að nafnvirði kr. 234.816, á genginu 24 eða fyrir kr. 5.635.584. Var kaupverðið miðað við framreiknað nafnvirði í upphafi árs 2005 samkvæmt ákvörðun aðalfundar B, 1. apríl 2005 um endurmat stofnfjár vegna ársins 2005. Kaupverðið var greitt inn á bankareikning sóknaraðila.

Með bréfi, dagsettu 11. apríl 2006, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir fundi með varnaraðila til að fá skýringar á gengisviðmiðun í umræddum kaupum. Hafði hann eftir sóknaraðila að tilteknir stofnhlutir hefðu verið seldir á genginu 46 og aðrir á 70. Varnaraðili svaraði með rafpósti 24. apríl 2006 og kvað umsamið kaupverð hafa tekið mið af því gengi sem viðskipti með stofnfjárhluti fóru fram á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 18. október 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum „markaðsverð fyrir stofnfjárhluti hans í B,

Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi keypt stofnfjárhluti sóknaraðila á undirgengi, þ.e. genginu 24, en hafi á svipuðum tíma búið yfir vitneskju um að markaðsgengi hlutanna væri allt að 70. Kveður sóknaraðili sama mann hafa setið í stjórn

B, og varnaraðila og hafi varnaraðili því haft fullkomna vitneskju um raunvirði og gengi stofnfjárhlutanna. Hafi varnaraðili með þessum hætti misnotað sér aðstöðu sína og upplýsingar á kostnað sóknaraðila.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki sé það skilyrði fyrir meðferð máls hjá nefndinni að sett hafi verið fram krafa af hálfu viðskiptamanns sem fjármálafyrirtæki hafi hafnað eða ekki náðst sátt um. Hafi lögmaður sóknaraðila eingöngu lagt fram bréflega fyrirspurn til varnaraðila þar sem óskað hafi verið eftir skýringum á gengisviðmiðun í viðskiptum aðila. Hafi þar hvorki verið að finna formlega kvörtun né kröfu á hendur varnaraðila. Þá telur varnaraðili kvörtun sóknaraðila, rökstuðning og málalíbúnað allan svo óskýran að málið sé ekki tækt til úrskurðar, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina. Kveður varnaraðili sóknaraðila engin gögn hafa lagt fram til stuðnings kröfum sínum.

Áhrærandi varakröfu sína vísar varnaraðili til þess að engin gögn hafi verið lögð fram sem styðji fullyrðingu sóknaraðila um að markaðsverð bréfanna hafi verið annað á kaupdegi en samkvæmt samningi aðila. Geti varnaraðili ekki borið ábyrgð á því að téðir stofnfjárhlutir hafi hækkað í verði eftir að kaupin áttu sér stað. Varnaraðili vísar á bug fullyrðingum um að hann hafi misnotað aðstöðu sína eða upplýsingar á kostnað sóknaraðila. Nefndur stjórnarmaður varnaraðila og B, hafi hvorki haft vitneskju um viðskiptin né kaupverð hlutanna, enda hafi umrædd viðskipti hvorki verið til umfjöllunar í stjórn varnaraðila né hafi nefndur B, verið aðili að nefndum viðskiptum.

V.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, geta viðskiptamenn þeirra fjármálafyrirtækja sem aðild eiga að nefndinni snúið sér til nefndarinnar með kvartanir vegna viðskipta við þau. Tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtæki slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar, enda sé samningssamband milli aðila, sbr. a-lið 2. mgr. 3. gr. Samkvæmt 5. gr. samþykktanna er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki.

Í máli þessu liggur fyrir að lögmaður sóknaraðila óskaði fyrir hans hönd eftir skýringum varnaraðila á kaupgengi í viðskiptum aðila með stofnfjárhluti í tilteknum B, sbr. kaupsamning aðila, dagsettan 14. desember 2005. Hafði sóknaraðili engar kröfur haft uppi á hendur varnaraðila áður en til kvörtunar til úrskurðarnefndar kom. Er því ekki uppfyllt skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina til að unnt sé að taka málið til efnislegrar meðferðar. Verður þegar af þessari ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Er þá ekki þörf á að taka afstöðu til kröfugerðar sóknaraðila eða málalíbúnaðar að öðru leyti.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni

Reykjavík, 21. desember 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2007, fimmtudaginn 5. júlí, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækið F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, Reykjavík, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 17. nóvember 2006 með kvörtun **A**, f.h. sóknaraðila, dagsettri 14. nóvember 2006. Með bréfum nefndarinnar, dagsettum 17. og 28. nóvember 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. desember 2006. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. desember 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 5. janúar 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. febrúar, 2. mars, 29. mars, 4. apríl, 5. júní, 14. júní og 5. júlí 2007.

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili mun hafa gengist í fjárhagslega ábyrgð fyrir **B**, og **C**, Ábyrgðirnar féllu á sóknaraðila sem mun af því tilefni hafa tekið lán hjá sóknaraðila að fjárhæð kr. 3.170.000 til greiðslu ábyrgðarskuldbindinga sinna. Gaf hún út skuldabréf til varnaraðila fyrir fjárhæðinni hinn 22. september 2003. Sóknaraðili var úrskurðuð gjaldþrota þann 27. mars 2006. Varnaraðili lýsti kröfu í þrotabú sóknaraðila að fjárhæð kr. 5.042.306 vegna fyrrgreinds skuldabréfs.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 16. ágúst 2006, var þess krafist að varnaraðili felldi niður kröfuna og afturkallaði lýsingu hennar í þrotabú sóknaraðila. Erindinu var hafnað með rafpósti varnaraðila til lögmanns sóknaraðila, dagsettum 5. september 2006. Lögmaður sóknaraðila óskaði eftir gögnum frá varnaraðila með bréfum, dagsettum 20. september 2006 og 12. október 2006.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 14. nóvember 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi verið skylt að meta greiðslugetu greiðanda, en þetta hafi hvorki verið gert þegar sóknaraðili gekkst upphaflega í ábyrgð fyrir dóttur sína hjá varnaraðila né þegar hún hafi verið látin yfirtaka ábyrgðirnar með nýju láni. Vísar sóknaraðili í þessum efnum til 2. mgr. 3. liðar samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgðar frá 27. janúar 1998.

Ennfremur kveður sóknaraðili að upplýsingabæklingur um sjálfskuldarábyrgðir hafi ekki verið dreift með skjölum sem afhent voru ábyrgðarmönnum til undirritunar. Þá hafi ábyrgð sóknaraðila verið tekin gild af hálfu varnaraðila, þrátt fyrir að sóknaraðili hafi lýst því yfir að hann væri ekki borgunarmaður fyrir ábyrgðinni.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili á því að málið sé svo óljóst og ruglingslegt að vonlaust sé fyrir hann að verjast því. Vísar varnaraðili í þeim efnum til e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá telur varnaraðili að þrotabú sóknaraðila verði að eiga aðild að málinu en ekki sóknaraðili sjálfur og vísar í þeim efnum til ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21, 1991 og 7. gr. áðurnefndra samþykktar.

Áhrærandi varakröfu sína vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili sé sjálfur skuldari að því bréfi sem málið snúist um og eigi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga því ekki við. Þá geti samkomulagið ekki átt við um ábyrgðir sem sóknaraðili gekkst í fyrir C, enda sé það bundið við ábyrgðir á skuldum einstaklinga.

V.

Niðurstaða.

Skilja verður málatilbúnað sóknaraðila svo að hann geri þá kröfu fyrir úrskurðarnefndinni, sem fram kom í bréfi hans til varnaraðila, dagsettu 16. ágúst 2006, og varnaraðili hafnaði rafleiðis 5. september 2006, þ.e. að varnaraðila verði gert að fella niður kröfu að fjárhæð kr. 5.042.306 í þrotabú sóknaraðila vegna útgefins skuldabréfs að höfuðstóli kr. 3.170.000 hinn 22. september 2003 og afturkalla kröfulýsingu þar að lútandi.

Ágreiningslaust er að bú sóknaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði héraðsdóms 27. mars 2006 og var D, skipaður skiptastjóri. Að lögum hafði sá úrskurður þau áhrif að þrotabú sóknaraðila tók við öllum fjárhagslegum réttindum sem hann átti eða naut við uppkvaðningu úrskurðarins, sbr. 1. mgr. 72. gr. laga nr. 21, 1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Samkvæmt 2. mgr., sbr. 1. mgr. 130. gr. laganna, getur þrotamaður í eigin nafni haldið uppi hagsmunum sem þrotabúið kann að njóta til hagsbóta búinu ákveði skiptastjóri eða lánardrottinn að halda ekki uppi slíkum hagsmunum. Er sóknaraðili því með vísan til síðastnefndra ákvæða laga nr. 21, 1991, sbr. og H 2003-1716, réttur aðili máls þessa. Önnur atriði þykja ekki getað leitt til frávísunar málsins.

Með vísan til framanritaðs er kröfu varnaraðila um frávísun málsins hafnað.

Krafa sóknaraðila byggist á því að varnaraðili hafi ekki farið að ákvæðum samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dagsetts 27. janúar 1998, þegar sóknaraðili gaf út skuldabréf til hans að fjárhæð kr. 3.170.000 hinn 22. september 2003. Hafi greiðslugeta sóknaraðila ekki verið metin í það sinn, fremur en þegar hún gekkst upphaflega í ábyrgð fyrir lánum dóttur sinnar hjá varnaraðila. Þá hafi hún ekki fengið afhentan upplýsingabækling, auk þess sem ábyrgð hennar hafi verið tekin gild þrátt fyrir að hún hafi lýst því fyrir varnaraðila að hún væri ekki borgunarmaður fyrir ábyrgðinni.

Tilgreint samkomulag féll úr gildi 1. nóvember 2001 þegar samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsett þann dag, tók gildi, sbr. 4. mgr. 9. gr. samkomulagsins. Var það samkomulag í gildi á útgáfudegi umþrætts skuldabréfs 2. september 2003. Tekur samkomulagið til allra skuldaábyrgða, sem einstaklingur gengur í fyrir annan einstakling, sbr. nánar 2. gr. samkomulagsins, þ.m.t. víxilábyrgða.

Fyrir liggur að með útgáfu nefnds skuldabréfs 22. september 2003 var sóknaraðili að greiða þrjár skuldir sem hann var ábyrgur fyrir gagnvart varnaraðila og er ágreiningslaust að andvirði þess var varið til þess, sbr. þrjár kvittanir varnaraðila, dagsettar 25. september 2003. Lúta tvær þeirra að greiðslu tryggingarvígla þar sem **C**, var greiðandi. Gaf sóknaraðili annan víxilinn út, en var ábekingur að hinum. Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga tekur samkvæmt framansögðu ekki til ábyrgða sem einstaklingur gengur í fyrir einkahlutafélög. Þykir því ekki efni til að frekar um nefnda tryggingarvígla eða ábyrgð sóknaraðila samkvæmt þeim.

Auk framangreindra tveggja vígla, gekkst sóknaraðili í ábyrgð samkvæmt tryggingarvígli að fjárhæð kr. 1.200.000 sem gefinn var út af henni sjálfri, en greiðandi var dóttir sóknaraðila, **B**, Var víxilinn ætlaður til tryggingar yfirdráttarskuld **B**, á tékkareikningi hennar hjá varnaraðila. Var víxileyðublaðið óútfyllt að því er varðaði útgáfudag og gjalddaga og var varnaraðila með viðfestri yfirlýsingu sóknaraðila og dóttur hennar, dagsettri 2. nóvember 2001, veitt heimild til að fylla eyðublaðið út að þessu leyti og gera það þannig að fullgildum vígli. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi 25. september 2003 greitt varnaraðila kr. 1.418.987 sem fullnaðargreiðslu vegna ábyrgðar sinnar samkvæmt nefndum tryggingarvígli.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem tók gildi 1. nóvember 2001, degi áður en sóknaraðili veitti framangreinda heimild og gekkst í ábyrgð fyrir dóttur sína, var varnaraðila skylt að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi nam hærri fjárhæð en kr. 1.000.000. Ágreiningslaust er að það var ekki gert í því tilviki sem hér um ræðir. Samkvæmt fordæmum nefndarinnar má víkja slíkri ábyrgð til hliðar með vísan til 36. gr. laga nr. 7, 1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa með áorðnum breytingum, enda litið svo á að fjármálastofnun verði að bera allan halla af því að mat á greiðslugetu fari ekki fram áður en ábyrgðarmaður gekkst í ábyrgð á skuldum annars manns.

Í því tilviki sem hér er til úrlausnar hefur sóknaraðili þegar greitt ábyrgðarskuld sína og verður ábyrgðinni því ekki vikið til hliðar. Ábyrgðarskuldin var greidd með hluta af andvirði skuldabréfs að fjárhæð kr. 3.170.000, útgefnu 22. september 2003 af sóknaraðila til varnaraðila. Það kemur þó ekki í veg fyrir að sóknaraðili geti haft uppi endurkröfu vegna greiðslu ábyrgðarskuldarinnar. Þegar litið er til stöðu aðila þykir engu breyta þó sú greiðsla hafi verið án fyrirvara af hálfu sóknaraðila. Með vísan til alls framanritaðs þykir, eins og atvikum máls þessa er háttað og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar Íslands, H 2005-2096, rétt að fallast á endurkröfu sóknaraðila. Verður krafa varnaraðila í þrotabú sóknaraðila vegna framangreinds skuldabréf því lækkuð um kr. 1.418.987 að höfuðstóli miðað við útgáfudag. Lækkar krafan að öðru leyti til samræmis við það.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, um að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni er hafnað.

Krafa varnaraðila í þrotabú sóknaraðila, **M**, vegna skuldabréfs, útgefins 22. september 2003, að höfuðstóli kr. 3.170.000, skal lækkuð um kr. 1.418.987 að höfuðstóli miðað við útgáfudag.

Reykjavík, 5. júlí 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Sérálit

Grétars Grétarssonar og Gunnars Viðar

Við erum sammála öðrum nefndarmönnum um að hafna kröfu varnaraðila um frávísun málsins.

Í máli þessu liggur fyrir að sóknaraðili gaf út skuldabréf til varnaraðila 22. september 2003 og var andvirði þess m.a. notað til að greiða skuld samkvæmt vixli að fjárhæð kr. 1.200.000, sem dóttir sóknaraðila var greiðandi að, en sóknaraðili bar ábyrgð á sem útgefandi vixilsins. Með þeirri greiðslu, sem var án alls fyrirvara af hálfu sóknaraðila, lauk kröfusambandi aðila vegna nefnds vixils og er ábyrgð sóknaraðila á grundvelli hans liðin undir lok. Breytir greiðsluháttur ábyrgðarskuldbindingarinnar engu í þeim efnum.

Að okkar mati er ekki unnt að taka mál upp eftir að fullnaðargreiðsla hefur átt sér af hálfu ábyrgðarmanns á þeim grundvelli að ábyrgð hans hafi ekki verið gild. Í norrænum rétti hafa fræðimenn ekki verið á eitt sáttir um hvort til staðar sé almenn regla um rétt skuldara til endurgreiðslu ef í ljós kemur að þeir greiddu í rangri trú um lögmæti þeirra kröfu sem þeir greiddu. Sumir fræðimenn telja að slík regla gildi en sé hins vegar háð margvíslegum undantekningum. Aðrir telja að engin slík almenn regla gildi heldur verði að meta hvert tilvik sjálfstætt. Að okkar mati skiptir þessi ágreiningur fræðimanna ekki höfuðmáli í því tilviki sem hér um ræðir. Meginatriði í þessu máli hlýtur að vera að sóknaraðili undirritaði skuldbindingu um ábyrgð fyrir dóttur sína. Þegar í ljós kom að aðalskuldari gat ekki staðið í skilum greiddi sóknaraðili upp ábyrgð sína með útgáfu skuldabréfs til handa varnaraðila án þess að gera nokkurn fyrirvara við þá greiðslu. Sóknaraðili heldur því ekki fram að greiðslan hafi verið hærri en henni bar að greiða samkvæmt vixlinum. Um íslenskan rétt í þessum efnum vísum við til H 1999-4218 en í því máli var endurgreiðslukröfu Þ á hendur E hafnað þrátt fyrir að í sama máli kæmist Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að sýkna bæri Þ af kröfu um frekari greiðslur þar sem ábyrgð Þ var ekki talin vera jafn víðtæk og E hélt fram. Einnig er vísað til H 204/1985 þar sem A greiddi þungaskatt sem byggðist á reglugerðum um innheimtu bifreiðagjalda o.fl. nr. 1/1978, nr. 430/1978, nr. 241/1979, nr. 511/1979, nr. 636/1980 og nr. 267/1981. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að jafn víðtækt framsal löggjafans á skattlagningarvaldi og hér ræðir um bryti í bága við 40. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þar sem viðkomandi aðili hafði hins vegar þegar staðið skil á gjaldinu án fyrirvara um endurkröfurétt var hann talinn hafa fyrirgert rétti sínum til að endurheimta gjaldið. Við vísum einnig í þessum efnum til H 2002-1936, en þar voru atvik þau að aðalskuldari falsaði nafn ábyrgðarmanna á skuldaskjöl. Ábyrgðarmenn skrifuðu hins vegar

sjálfir undir skilmálabreytingar á þeim skuldaskjölum og gátu ekki borið fyrir sig síðar að upphaflega skjalið hafi verið falsað. Litið var hér svo á að skilmálabreytingarnar fælu í sér endurnýjun skuldarinnar og að upphaflega skuldin hefði verið endurnýjuð með síðari skilmálabreytingum. Af þeim dómi verður ráðið að athafnir aðila í tengslum við ábyrgðir, sem í upphafi kunna að vera ógildar, geti leitt til þess að þeir beri allt að einu ábyrgð. Jafnframt vísuð við til dóms H 17. janúar 2007 í máli nr. 16/2007.

Að okkar áliti verður auk þess að gera þá kröfu að athugasemdir um gildi ábyrgða komi fram innan eðlilegs tíma og í öllu falli áður en að viðkomandi tekur ákvörðun um að standa skil á hlutaðeigandi ábyrgðarskuldbindingu. Önnur niðurstaða myndi leiða til óvissu um stöðu tryggingaréttinda og ófyrirséðra vandkvæða, t.d. varðandi framkröfur ábyrgðarmanna.

Samkvæmt framansögðu teljum við engin rök til að ógilda í heild eða að hluta skuldabréf, sem sóknaraðili gaf út 22. september 2003. Það er því niðurstaða okkar að hafna beri öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2007, miðvikudaginn 4. apríl, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Hildigunnur Hafsteinsdóttir, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Íris Ösp Ingjaldsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 18/2006**:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækinu F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 24. nóvember 2006 með kvörtun A, hdl., f.h. sóknaraðila, dagsettri 23. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. nóvember 2006, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 1. desember 2006. Bréfið var sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. desember 2006, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 13. desember 2006. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 27. mars 2007, var óskað eftir frekari upplýsingum varnaraðila. Bárust þær með hans, dagsettu 30. mars 2007.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 21. desember 2006, 16. febrúar, 2. mars, 29. mars og 4. apríl 2007

II.

Málsatvik.

Sóknaraðili dvaldi um tíma á Spáni í marsmánuði 2006. Á greiðslukortareikning hans hjá varnaraðila voru skuldfærðar alls níu úttektir dagana 11. og 12. mars 2006, sem sóknaraðili kveður hafa verið óheimilar og gerðar án samþykkis hans. Áttu umþrætt viðskipti sér stað í bönkum og veitinga- og skemmtistöðum aðfaranætur umræddra daga, fjórar fyrri nóttina og fimm hina síðari. Alls voru sóknaraðila skuldfærðar vegna þessa 5.130 evrur eða sem svaraði til kr. 441.085.

Sóknaraðili gerði athugasemdir við ofangreindar skuldfærslur með bréfi til varnaraðila, dagsettu 21. mars 2006. Með bréfi til sóknaraðila, dagsettu 3. maí 2006, tilkynnti varnaraðili að hann teldi korthafa ábyrgan fyrir þeim sjö færslum, sem varnaraðili hefði tekið til skoðunar. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 21. júní 2006, var þess óskað að varnaraðili endurskoðaði afstöðu sína. Varnaraðili hafnaði því með bréfi til lögmannsins, dagsettu 29. júní 2006.

Málið barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 23. nóvember 2006.

III.

Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða honum kr. 427.256, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38, 2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. apríl 2006 til greiðsludags.

Sóknaraðili kveður greiðslukorti sínu hafa verið stolið 10. eða 11. mars 2006, en komið aftur í leitirnar aðfaranótt 12. mars 2006 þegar stúlka nokkur hafi lagt kortið á borð fyrir framan hann þar sem hann var staddur á veitingahúsi. Hafi hann haft samband við varnaraðila, sem ekki hafi talið þörf á að tilkynna kortið glatað þar sem það hefði fundist að nýju. Kveðst sóknaraðili hafa uppgötvað misnotkun kortsins nokkrum dögum síðar og þá aftur haft samband við varnaraðila og látið loka kortinu.

Sóknaraðili hafnar því að hafa látið einhverjum í té persónulegt innsláttarnúmer sitt (PIN) og liggi ekkert fyrir um það, fremur en að hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi eða haft svik í frammí. Ennfremur vísar sóknaraðili til þess að þeir veitingastaðir þar sem kort hans hafi verið misnotað séu talsvert fjarri þar sem hann dvaldi á Spáni.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á c-lið 9. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila og geti ábyrgð hans vegna misnotkunar kortsins aldrei numið hærri fjárhæð en 150 evrum. Beri varnaraðila því að endurgreiða honum hinar óheimilu úttektir, kr. 441.085, að frádreginni eigin áhættu, kr. 13.829. Nemi krafa sóknaraðila því kr. 427.256 og er gerð krafa um dráttarvexti af þeirri fjárhæð frá gjaldþaga greiðslukortareikningsins 2. apríl 2006 til greiðsludags.

IV.

Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að allar umþrættar færslur séu gerðar með upplýsingum sem lesnar séu af örgjörva í korti sóknaraðila. Sé því útilokaður sá möguleiki að fölsuð afrit af korti hans hafi verið í notkun á fleiri en einum stað samtímis. Þá séu færslurnar staðfestar með undirskrift og svokölluðu pin-númeri. Einnig bendir varnaraðili á að rekstraraðilar skemmtistaða á viðkomandi stað á Spáni geti verið skráðir annars staðar.

V.

Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili endurgreiðslu vegna alls níu úttekta af greiðslukortareikningi sínum hjá varnaraðila, sem áttu sér stað 11. og 12. mars 2006 á Spáni. Eru fimm úttektanna hjá B, þrjár aðfaranótt 11. mars og tvær aðfaranótt 12. mars 2006. Þá eru tvær hjá C, hina síðarnefndu nótt og loks tvær úttektir, sem munu vera úr hraðbönkum.

Samkvæmt b-lið 3. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila skal korthafi rita nafn sitt með eigin hendi á sölunótu eða skrá sjálfur sérstakt leynilegt og persónulegt innsláttarnúmer sitt, fari sölu- eða þjónustaðili fram á slíkt. Með áritun á sölunótu eða innslætti á nefndu númeri samþykkir korthafi þau viðskipti sem tilgreind eru á sölunótu. Við notkun korts í hraðbönkum kemur persónulegt innsláttarnúmer í stað undirskriftar korthafa á sölunótu, sbr. c-lið 3. gr. Korthafi er ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar eru með slíku númeri.

Við fyrrgreindar úttektir hafa verið lesnar upplýsingar af örgjörva í korti sóknaraðila og hafa þær því verið gerðar með kortinu sjálfu. Í málinu liggja fyrir sjö úttektarseðlar vegna viðskipta við ofangreinda veitingastaði með nafnárítun sóknaraðila. Hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu sóknaraðila að undirritun hans sé fölsuð. Þess utan eru úttektirnar allar staðfestar með persónulegu innsláttarnúmeri sóknaraðila.

Með vísan til þess er að framan greinir verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F, er hafnað.

Reykjavík, 4. apríl 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Íris Ösp Ingjaldsdóttir

ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2007, þriðjudaginn 5. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið mál nr. 19/2006:

M
gegn
fjármálafyrirtækinu F

og kveðinn upp í málinu svofelldur

ú r s k u r ð u r:

I.

Málsmeðferð

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, Reykjavík, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Með bréfi **A**, f.h. sóknaraðila, dagsettu 31. janúar 2007, var óskað eftir endurupptöku máls hans gegn varnaraðila nr. 14/2006 með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu um úrskurðarnefnd fyrir fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. febrúar 2007, var beiðnin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 9. mars 2007. Sóknaraðila var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við svör varnaraðila. Bárust þau með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 4. júní 2007.

Málið var tekið fyrir að nýju á fundum nefndarinnar 16. febrúar, 2. mars 29. mars og 5. júní 2007.

II.

Málsatvik

Með kvörtun, dagsettri 9. júní 2006, kvartaði sóknaraðili undan viðskiptum við varnaraðila Af gögnum málsins varð ráðið að sóknaraðili hefði með afsali, dagsettu 7. júní 2005, eignast fasteignina að **B**, í Reykjavík. Afsalsgjafi var faðir sóknaraðila, **C**. Hinn 1. september 2005 greiddi sóknaraðili inn á þrjár kröfur varnaraðila. Var ein (nr. 0301-020096) á hendur bróður sóknaraðila, **D**, vegna skuldar samkvæmt veðskuldabréfi. Greiddi sóknaraðili inn á kröfuna kr. 10.348.593. Önnur krafa var vegna skuldar, sem tryggð var með tryggingarbréfi nr. 301-63-7145, og greiddi sóknaraðili kr. 6.527.430 inn á þá skuld. Þriðja krafan var vegna skuldar **E**, samkvæmt veðskuldabréfi og greiddi sóknaraðili kr. 2.521.317 inn á þá skuld.

Ágreiningslaust var með aðilum að ofangreindar skuldir hefðu allar með einum eða öðrum hætti verið til komnar vegna rekstrar **E**, og hefðu þær verið tryggðar með veði í fasteign sóknaraðila, sem eins og fyrr sagði var áður í eigu föður hans. Vanskil munu hafa orðið um síðustu aldamót á greiðslu skulda þeirra, sem tryggðar voru með veði í umræddri fasteign, og fyrrgreint félag orðið gjaldþrota. Munu þá, að sögn sóknaraðila hafa hafist viðræður við varnaraðila um greiðslu áhvílandi veðskulda á fasteigninni **B**. Áðurnefndur **D**, bróðir sóknaraðila, og eiginkona hans seldu m.a. fasteign sína að **G**, í Reykjavík í ágúst 2000 og runnu kr. 4.000.000 af söluandvirðinu til varnaraðila. Kveður sóknaraðili samkomulag hefði verið um að fjárhæðin skyldi renna til uppgreiðslu tiltekins láns, sem tryggt hafi verið með tryggingarbréfi nr. 301-63-7145 eins og nánar verður gerð grein fyrir síðar.

Nauðungarsala var auglýst á fyrrgreindri fasteign. Kvað sóknaraðili að þá hefði orðið að samkomulagi við varnaraðila árið 2001 að faðir hans fengi eignina aftur til sín gegn greiðslu á kr. 17.500.000, sem síðar hafi verið hækkuð í kr. 19.000.000. Hefði verið gerð krafa um það af hálfu varnaraðila að kr. 1.500.000 yrðu greiddar strax og hefði **D**, bróðir sóknaraðila, greitt þá fjárhæð til varnaraðila 11. júní 2001.

Varnaraðili óskaði eftir nauðungarsölu á tédri fasteign með beiðnum, dagsettum 25. nóvember 2004 og 22. mars 2005.

Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 27. febrúar 2006, var kvartað yfir viðskiptaháttum varnaraðila. Erindið var ítrekað með bréfi lögmannsins til varnaraðila, dagsettu 27. mars 2006. Varnaraðili svaraði erindinu með bréfi, dagsettu 3. apríl 2006. Kvaðst hann eiga í stökustu vandræðum með að ráða fram úr umkvörtunarefni sóknaraðila, en að svo miklu leyti sem það yrði gert, væri kröfum sóknaraðila hafnað.

Málið barst úrskurðarnefndinni upphaflega með kvörtun, dagsettri 9. júní 2006. Með úrskurði nefndarinnar, uppkveðnum 27. október 2006, var málinu vísað frá úrskurðarnefndinni með vísan til e-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um fjármálafyrirtæki.

Sóknaraðili krafðist endurupptöku málsins með bréfi, dagsettu 31. janúar 2007, eins og fyrir er rakið. Úrskurðarnefndin telur skilyrði fyrir endurupptöku málsins og hefur það fengið nýtt númer og er nr. 19/2006.

III.

Umkvörtunarefni

Sóknaraðili gerir nú þá kröfu að varnaraðili endurgreiði honum annars vegar kr. 6.627.430 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 1. september 2005 og hins vegar að varnaraðili greiði honum kr. 750.000 vegna lögmannskostnaðar við málið og annarra útgjalda sem hann hafi haft af því að halda uppi kröfunni.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að með útgáfu skuldabréfs hinn 9. apríl 1997, að fjárhæð kr. 4.000.000 hafi tryggingabréf nr. 0301-63-7145, útgefið 22. maí 1995, með órjúfanlegum hætti tengt verið því skuldabréfi þar sem vísað sé til þess í skuldabréfinu að tryggingarbréfið hafi verið sett að handveði fyrir skuldabréfinu. Þá er vísað til beiðni um veðflutning, dagsettrar 6. júlí 2000, þar sem skýrt komi fram að óskað sé eftir veðflutningi yfir á eignina **B**, í Reykjavík gegn uppgreiðslu skuldar, sem tryggð hafi verið með tryggingarbréfinu, með kr. 4.000.000. Hafi varnaraðili fallist á veðflutninginn gegn því ófrávíkjanlega skilyrði að kr. 4.000.000 yrðu greiddar inn á reikning hans.

Sóknaraðili telur að varnaraðila hafi borið að ráðstafa kr. 4.000.000 inn á skuld samkvæmt skuldabréfi 0301-74-18631 enda hafi tryggingarbréfið verið orðið að handveði fyrir þeirri skuld. Hafi varnaraðila því borið að láta aflýsa tryggingarbréfinu þá þegar í ágúst 2000 eins og um hafi verið samið. Til stuðnings máli sínu vísar sóknaraðili m.a. til rafpósta fyrrverandi lögmanns síns og tveggja fyrrverandi starfsmanna varnaraðila, sem hann segir styðja frásögn sína um að samkomulag þessa efnis hafi tekist með aðilum. Varnaraðili hafi hins vegar ekki látið aflýsa tryggingarbréfinu heldur haldið áfram innheimtuáðgerðum, sem orðið hafi til þess að sóknaraðili hafi orðið að greiða upp skuld, sem tryggð hafi verið með tryggingarbréfinu, með kr. 6.527.430 hinn 1. september 2005. Hafi hann því uppi endurkröfu vegna þessa.

IV.

Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína um frávísun málsins byggir varnaraðili á því að málið sé svo óljóst og illa upplýst að vonlaust sé fyrir varnaraðila að verjast því. Telur varnaraðili að sóknaraðili hafi breytt málatilbúnaði sínum auk þess sem þrír einstaklingar til viðbótar séu orðnir aðilar málsins. Vísar varnaraðili í þessum efnum til 3. másl. e-liðar 6. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá telur varnaraðili ekkert samningssamband vera milli sín og sóknaraðila í skilningi 2. mgr. 3. gr. nefndra samþykktar og beri því ennfremur að vísa málinu frá á þeim grundvelli.

Áhrærandi varakröfu sínar vísar varnaraðili til þess að í tryggingarbréfi nr. 0301-63-7145 komi fram að bréfið sé til tryggingar öllum skuldum **E**, en ekki aðeins skuld samkvæmt skuldabréfi nr. 0301-74-18631. Þá mótmælir varnaraðili því að hann hafi fallist á að **D**, bróðir sóknaraðila, mætti greiða kr. 4.000.000 og að tryggingarbréfinu yrði þá aflýst. Kveður varnaraðili að greitt hafi verið inn á skuldir, sem tryggðar voru með tryggingarbréfinu, í ágúst 2000, en þær hafi ekki verið greiddar upp. Hafi varnaraðila þegar af þeirri ástæðu verið óskýlt að aflýsa tryggingarbréfinu.

Varnaraðili vísar til þess að ekkert samningssamband hafi verið milli hans og sóknaraðila þegar sóknaraðili kaus að greiða kr. 6.527.430 til bankans. Verði hann því að beina endurkröfu að dánarbúi föður síns, sem hafi verið þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Þá vekur varnaraðili athygli á að sóknaraðili hafi greitt umrædda skuld án fyrirvara. Kveður hann reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár leiða til þess að slíkur réttur sé ekki til staðar hjá sóknaraðila. Varnaraðili mótmælir fullyrðingum sem fram koma í rafpóstum fyrrverandi starfsmanna hans og segir þær ekki fást staðist. Varnaraðili bendir á að hann hafi samþykkt uppgreiðslu á lánum sem hvílt hafi á **B**, í Reykjavík með kr. 19.500.000 en þá hafi áhvílandi heildarskuldir numið kr. 31.989.981. Hafi forsenda varnaraðila fyrir þeirri lækun verið sú að uppgjöri málsins væri þar með lokið. Nái krafa sóknaraðila fram að ganga komist hann upp með að greiða kröfur að fjárhæð kr. 31.989.981 með kr. 12.972.570, „sem var alls ekki sá samningur sem [varnaraðili] gerði við [sóknaraðila] til þess að ljúka málinu.“

Loks mótmælir varnaraðili sérstaklega kröfu um skaðabætur vegna lögmannskostnaðar og annars kostnaðar. Telur hann úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki óheimilt að að úrskurða aðilum málskostnað. Þá sé krafan órökstudd hvað tilurð og fjárhæð varði og hafi engin gögn verið lögð fram þar að lútandi.

V.

Niðurstaða

Varnaraðili gerir í málinu aðallega þá kröfu að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni. Vísar varnaraðili í fyrsta lagi til þess að málið sé svo óljóst og illa upplýst, í annan stað hafi sóknaraðili breytt málatilbúnaði sínum, auk þess sem aðilum málsins hafi fjölgað, og loks í þriðja lagi að ekki sé samningssamband milli sín og sóknaraðila málsins.

Fallast má á með varnaraðila að aðild að málinu og skýringar þar á séu ekki eins skýrar og kostur væri. Í beiðni um endurupptöku málsins er vísað til þess að sóknaraðili hafi falið lögmanni sínum að gæta hagsmuna sinna, dánarbús föður hans, móður og bróður vegna viðskipta þeirra við varnaraðila og hafi sóknaraðili umboð þeirra til að sinna nefndri hagsmunagæslu. Liggja og frammi í málinu umboð þar sem sóknaraðila er m.a. veitt heimild til að leita á ný til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Er og í beiðninni ýmist vísað til umbjóðenda lögmannsins í eintölu eða fleirtölu. Á hinn bóginn kemur skýrt fram í endurupptökubeiðni að sóknaraðili gerir einn og eingöngu í eigin nafni kröfur á hendur varnaraðila og eru þar tilteknar með ljósum hætti fjárhæðir og eftir atvikum dráttarvextir. Skoðast hann því einn sóknaraðili málsins. Ekki þykir skipta máli þó ekki sé skýrt til hlítar hvað valdi því að sóknaraðili geri kröfu um endurgreiðslu á kr.

6.627.430 þótt ágreiningslaust sé að hann hafi hinn 1. september 2005 greitt varnaraðila kr. 6.527.430. Er kröfugerð sóknaraðila og lýsing þeirra málsatvika og málsástæðna, sem hann telur eiga að leiða til þess að taka eigi kröfur hans til greina, að öðru leyti nægilega skýrar til að lagður verði efnislegur úrskurður á málið.

Sóknaraðili greiddi hinn 1. september 2005 varnaraðila áhvílandi veðskuld á fasteigninni **B**, í Reykjavík. Var hann þá þinglýstur eigandi eignarinnar. Ennfremur er þess að geta að í athugasemdum sínum vísar varnaraðili sjálfur til samnings við sóknaraðila um að heimilt væri að greiða upp heildarskuldir að fjárhæð kr. 31.989.981 með kr. 19.500.000. Verður því að telja nægilegt samningssamband milli aðila í skilningi a-liðar 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður aðalkröfu varnaraðila um frávísun málsins hafnað.

Tryggingarbréf nr. 0301-63-7145 var gefið út af **E**, 22. maí 1995, og er ágreiningslaust að eign sóknaraðila að **B**, í Reykjavík, sem þá var í eigu föður hans, var sett að veði til tryggingar greiðslu skulda að baki tryggingarbréfinu. Í bréfinu segir að til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu allra skuldbindinga félagsins við varnaraðila „*hverju nafni sem nefnast og hvernig sem til þeirra hefur verið stofnað*“, allt að höfuðstólsfjárhæð kr. 4.000.000, miðað við vísitölu neysluverðs 171,8 stig, auk vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar er af vanskilum kunni að leiða, þ.á m. lögmanns- og innheimtukostnaðar og réttargjalda allra, sé varnaraðila sett ofangreind fasteign að veði. Þegar skuldabréf nr. 0301-74-18631, að fjárhæð kr. 4.000.000, var gefið út 9. apríl 1997 af **E**, var þess getið að nefnt tryggingarbréf væri sett varnaraðila að handveði. Breyting var gerð á greiðsluskilmálum skuldabréfsins í október 1999.

Með bréfi til varnaraðila, dagsettu 6. júlí 2000, óskuðu **D**, og eiginkona hans eftir því að „*greiða upp lán á 4. veðrétti (Tryggingabréf 301-63-7145) í B, með veðflutningi á tveimur lánnum frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hvort að upphæð 1.650.000 af G,*“, sem var í eigu þeirra. Með skilyrtu veðleyfi, dagsettu 25. júlí 2006, heimilaði varnaraðili fyrir sitt leyti að eignin að **B**, yrði sett að veði til tryggingar nefndum lánnum sem gengju frammar tveimur bréfum varnaraðila sem nytu veðréttar á 4. og 5. veðrétti. Þau bréf sem varnaraðili tilgreindi var veðskuldabréf nr. 301-74-4479, útgefið 13. mars 1999, upphaflega að höfuðstóli kr. 4.000.000, sem hvíldi á 4. veðrétti, og áðurnefnt tryggingarbréf nr. 301-63-7145, sem hvíldi á 5. veðrétti. Var veðleyfið bundið því „*ófrávíkjanlega skilyrði að til [varnaraðila] greiðist kr. 4.000.000 ... vegna sölu á fasteigninni G*“. Sú fjárhæð var greidd varnaraðila með tékka, útgefnum 11. ágúst 2000, og er þess getið á skilagrein fasteignasölu um ráðstöfun söluandvirðis **G**, dagsettu 15. ágúst 2000. Af fjárhæðinni, kr. 4.000.000 ráðstafaði varnaraðili kr. 3.258.700 til greiðslu á yfirdráttarskuld á tékkareikningi **E**, en kr. 741.300 var ráðstafað til greiðslu á skuld samkvæmt skuldabréfi nr. 0301-74-18631.

Sóknaraðili, sem þá var orðinn eigandi fasteignarinnar að **B**, í Reykjavík, greiddi þann 1. september 2005, upp skuld sem tryggð var með tryggingarbréfi nr. 301-63-7145 með kr. 6.527.430. Af hálfu sóknaraðila er á því byggt að tryggingarbréfið hafi eingöngu verið til tryggingar skuld vegna skuldabréfs nr. 0301-74-18631 og hafi sú skuld verið greidd upp með kr. 4.000.000 hinn 11. ágúst 2000. Hafi því verið ólögmaett af hálfu varnaraðila að halda áfram innheimtu skuldar, sem tryggð hafi verið með tryggingarbréfinu og beri varnaraðila því að endurgreiða sóknaraðila þá fjárhæð sem hann greiddi varnaraðila vegna þessa hinn 1. september 2005. Varnaraðili telur nefnt tryggingarbréf hins vegar hafa staðið til tryggingar öllum skuldum **E**, við sig eins og fram komi í bréfinu sjálfu og hafi honum því bæði verið rétt að ráðstafa innborgun að fjárhæð

kr. 4.000.000 hinn 11. ágúst 2000 með þeim hætti sem hann kaus og innheimta eftirstöðvar, sem tryggðar voru með nefndu tryggingarbréfi.

Sú meginregla gildir í kröfurétti að kröfuhafa er frjálst að ráðstafa innborgun á skuldir til greiðslu þeirrar skuldar sem hann kys sjálfur, nema um annað hafi verið samið eða sérstaklega tilgreint hverja skuld væri verið að greiða. Í tryggingarbréfi nr. 301-63-7145, útgefnu 22. maí 1995, kemur, eins og áður er rakið, skýrt fram að bréfið sé til tryggingar öllum skuldum **E**, hverju nafni sem nefnast. Ekki er unnt að fallast á með sóknaraðila að það að tekið sé fram í skuldabréfi nr. 0301-74-18631, útgefnu 9. apríl 1997, að tryggingarbréfið sé sett varnaraðila að handveði, leiði til þess að efni tryggingarbréfsins hafi breyst og því hafi eingöngu verið ætlað að vera til tryggingar skilvísnum greiðslum umrædds félags samkvæmt skuldabréfi nr. 0301-74-18631. Var tryggingarbréfið því eftir sem áður til tryggingar öllum skuldum félagsins við varnaraðila.

Kemur þá næst til skoðunar hvort varnaraðili hafi árinu 2000 samþykkt að aflýsa tryggingarbréfi nr. 301-63-7145 af fasteigninni **B**, í Reykjavík gegn greiðslu á kr. 4.000.000. Í málinu liggur fyrir beiðni bróður og mágkonu sóknaraðila, dagsett 6. júlí 2000, um að fá að greiða upp skuld á 4. veðrétti og var í þeim efnunum vísað til tryggingabréfs nr. 301-63-7145. Skyldi skuldin greiðast „með veðflutningi á tveimur lánunum“ af fasteign þeirra án þess að það væri skýrt frekar. Samkvæmt skilyrtu veðleyfi varnaraðila, dagsettu 25. júlí 2000, var veðskuldabréf nr. 301-74-4479, útgefið 13. mars 1995, upphaflega að höfuðstóli kr. 4.000.000, þá áhvílandi á 4. veðrétti að teknu tilliti til uppfærsluréttar og nefnt tryggingarbréf að höfuðstóli kr. 4.000.000 áhvílandi á 5. veðrétti, sömuleiðis að teknu tilliti til uppfærsluréttar. Í veðleyfinu heimilaði varnaraðili þinglýstum eiganda eignarinnar að veðsetja hana til tryggingar tveimur lánunum frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, hvoru að fjárhæð kr. 1.650.000 er ganga skyldu frammar áðurgreindum bréfum bankans. Leyfi varnaraðila til veðsetningarinnar var háð því skilyrði að bankanum yrðu greiddar kr. 4.000.000 af söluandvirði fasteignarinnar **G**, í Reykjavík, sem þá var í eigu bróður og mágkonu sóknaraðila. Hvorki er í veðleyfinu né öðrum gögnum málsins minnst á til greiðslu hverra skulda umræddar kr. 4.000.000 skyldu renna. Ekki er heldur tekið fram í veðleyfinu að gegn greiðslu þeirrar fjárhæðar muni varnaraðili aflétta veðskuldum, sem þá hvíldu á 4. og 5. veðrétti. Verður því ekki ráðið af umræddu veðleyfi varnaraðila að hann hafi með viðtöku á kr. 4.000.000 fallist á að aflýsa tryggingarbréfi nr. 301-63-7145 af fasteigninni **B**, í Reykjavík.

Ber þá næst að taka afstöðu til þess hvort sýnt hafi verið fram á með öðrum hætti að varnaraðili hafi samþykkt að aflýsa tryggingarbréfi nr. 301-63-7145 á umræddum kr. 4.000.000 hinn 11. ágúst 2000. Í rafpósti fyrrverandi starfsmanns varnaraðila, sem nú starfar fyrir samkeppnisaðila hans, dagsettum 2. júní 2005, kemur fram að hann og annar fyrrverandi starfsmann varnaraðila minni að atvik máls hafi verið þau að bróðir sóknaraðila hafi gert samkomulag við varnaraðila „á samþykkisfrestinum“ og greitt til bankans nægilega háa fjárhæð til að bæði tryggingarbréf að fjárhæð kr. 4.000.000 og veðskuldabréf að sömu fjárhæð yrðu greidd upp og gegn því hafi varnaraðili samþykkt að aflýsa skjölunum af eigninni. Ekki kemur fram í rafpóstinum hvenær þetta eigi að hafa gerst.

Af rafpósti fyrrverandi lögmanns sóknaraðila til sóknaraðila, dagsettum 16. maí 2005, verður ráðið að veðskuldabréf nr. 301-74-4479, útgefið 13. mars 1995, upphaflega að höfuðstóli kr. 4.000.000, hafi þá verið áhvílandi á 6. veðrétti á fasteigninni **B**, í Reykjavík og tryggingarbréf nr. 301-63-7145, útgefið 22. maí 1995, á 7. veðrétti. Kveður lögmaðurinn að á fundi sínum með þáverandi aðstoðarbankastjóra varnaraðila hafi komið fram að hluti af söluandvirði fasteignar bróður sóknaraðila hefði gengið til greiðslu á þessari skuldbindingu og því ætti að aflýsa henni af fasteigninni **B**, þá hafi hluti andvirðisins ennfremur runnið til greiðslu skuldar, sem tryggð hafi verið með nefndu

tryggingarbréfi. Taldi lögmaðurinn tiltekinn lífeyrissjóð hafa yfirtekið tryggingarbréf og væri sér óskiljanlegt hvernig bréfið gæti verið komið aftur til varnaraðila.

Eins og áður greinir verður hvorki ráðið af fyrrnefndu veðleyfi varnaraðila, dagsettu 25. júlí 2000, né öðrum gögnum að hann hafi gegn greiðslu á kr. 4.000.000 fallist á aflýsa tryggingarbréfi nr. 301-63-7145. Óstaðfestar hugleiðingar þáverandi lögmanns sóknaraðila, m.a. um nýja kröfuhafa að bréfinu, hafa ekki þýðingu að þessu leyti. Gegn eindregnum andmælum varnaraðila er heldur ekki unnt að byggja á rafpósti fyrrverandi starfsmanns hans að þessu leyti. Kemur þar til að efni rafpósts hans er ekki nægilega ljóst, auk þess sem hafa verður í huga að um er að ræða starfsmann samkeppnisaðila varnaraðila, sem gefur út yfirlýsinguna að beiðni bróður sóknaraðila og væntanlega á grundvelli upprifjunar hans á málsatvikum, án þess að ráðið verði að starfsmaðurinn hafi haft gögn málsins hjá sér til skoðunar, en tæp fimm ár voru liðin frá greiðslu 11. ágúst 2000 þegar tölvupósturinn var sendur 2. júní 2005.

Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið verður ekki fallist á með sóknaraðila að sýnt hafi verið fram á að varnaraðili hafi samþykkt að aflýsa tryggingarbréfi nr. 301-63-7145, útgefnu 22. maí 1995, af fasteigninni **B**, í Reykjavík gegn greiðslu á kr. 4.000.000, sem hann fékk greiddar með tékka, útgefnum 11. ágúst 2000. Stóð tryggingarbréfið því áfram til tryggingar skuldum **E**, við varnaraðila. Verður því ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu varnaraðila, fjármálafyrirtækinu **F**, um að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni er hafnað.

Kröfum sóknaraðila, **M**, á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 5. júní 2007.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Gunnar Viðar

Hildigunnur Hafsteinsdóttir